

Kvikmyndir | Tónlist | DVD | Bækur | Íþróttir

# hamn

FRITT EINTAK / JÚNÍ 2008

**Geir Konráð  
Theodórsson**

*hefur lent í ýmsum  
svaðilförum*

***BARÐI***

**LIFIR FYRIR TÓNLISTINA**

**Rúnari Rúnarssyni**  
*finnst erfitt að vera  
í sviðsljósinu*

**PHILIP  
PULLMAN**

*er merkur  
þjóðfélagsrýnir*

**INGÓLFUR M. OLSEN**

*rennir sér á brettum  
og línuskautum*

**Guðmundur Mar**

**VEIT ALLT UM BJÓR**

*Flottar myndir frá vorralli BÍKR*

**ÚTIVIST**

Barði  
26



**4** James Blunt er væntanlegur til landsins og í spilaranum eru Sir Willard White, Portishead og Gavin McGraw.

**6** Ian Rankin hefur skrifað útgöngumars Johns Rebus. Á náttborðinu eru James Patterson, Þórarinn Eldjárn og Paul Torday.

**8** Tommy Lee Jones hefur verið kallaður maðurinn með steinandlitíð. Í spilaranum eru: No Country for Old Men, National Treasure; Book of Secrets og Peter Pan; Return to Neverland.

**10** The Bank Job er góður krimmi og Deception er spennamynd krydduð léttari erótík.

**12** Spennandi nýjar leikjatölvur og frábærir leikir.

**13** Tæki og tól eru manns gaman.

**14** Rúnar Rúnarsson kvikmyndagerðarmaður nýtur velgengni en er hógvæv og litillátur.

**17** Chivas Regal á sér merka sögu.

**18** Philip Pullman er trúleysingi og það litar skrif hans. Sumum til armæðu.

**20** Þú veist að heimsendir er í nánd þegar ákveðnir hlutir taka að gerast. Þekktu merkin.

**22** Egils bjórin sló í gegn á sýningu erlendis.

**24** Ingólfur M. Olsen stundar alls konar jaðaríþróttir af ástriðu.

**25** Ginkokteilar eru sérlega góðir.

**26** Barði í Bang Gang verður pirraður ef hann er ekki að sinna tónlist.

**31** Casillero del Diablo vínin eru nefnd eftir skemmtilegri þjóðsögu.

**32** Gerðu þér flugferðina bærulega með ýmsum brögðum.

**33** Sunrise frá Concha Y Toro er seiðandi vín.

**34** Geir Konráð Theodórsson fór í ævintýrlegt ferðalag einn síns liðs.

**38** EM 2008.

**40** Teygjur eru nauðsynlegar eftir æfingar.

**42** Kjúklingabringa með mozzarella, tómát og basil.

**43** Vínin með grillkjötinu.

**44** Vorrall BÍKR var haldið í rigningu og þoku.

**48** Flöttar snyrtivörur fyrir karlmenn.

**FORSÍÐUMYND:** Jean Horon

**FORSÍÐA:** Barði Jóhannsson

■ ■ ■ FUEL · FOR · LIFE ■ ■ ■



**FINALLY  
LEGALISED**



THE FRAGRANCE BY  
**DIESEL**



## LAGVISS FYRRUM HERMAÐUR

*Breski tónlistarmaðurinn James Blunt er væntanlegur hingað til lands og heldur tónleika í júní. Þessi hæfileikaríki fyrrum liðsforingi í breska hernum syngur þjóðlagaskotið popp og rokk með áleitinni og heillandi röddu og leikur á píanó, gítar og fleiri hljóðfæri. Hann sló fyrst í gegn með laginu You're Beautiful sem þegar er orðið klassískt. Hann heldur tónleika hér 12. júní.*

James Hillier Blount fæddist í Tidworth í Wiltshire á Englandi 22. febrúar 1974. Hann er kominn af hermönnum í beinan karlegg og faðir hans Charles Blount var ofursti í breska flughernum. Fjölskyldan fylgdi honum milli herstöðva og meðal annars bjuggu þau í Þýskalandi og á Kýpur. Því lá beinast við að hann færi í herskóla og sá sem varð fyrir valinu var ekki af verri endanum. Hann stundaði nám við The Royal Military Academy Sandhurst og gekk í herinn strax að lokinni útskrift. Hann var meðal friðargæslu liða NATO í Kosovo og lenti þar í erfiðum bardögum á landamærum Makedóníu og Kosovo.

Herdeild hans var sú fyrsta er hélt innreið sína í höfuðborgina Prístína undir lok stríðsins og þar var honum og mönnum hans uppálagt að verja flugvöllinn. Þegar þangað kom voru rússneskir hermenn þar fyrir og Blunt var fengið það erfiða verkefni að semja við Rússana um yfirtöku flugvallarins áður en til árekstra kæmi. Hann leysti það verkefni vel af hendi og var hækkaður í tign þar til hann náði stöðu kaftains en hermennskuferlinum lauk hann í the Life Guard Regiment í the British Household Cavalry.

Meðan hann starfaði í Kosovo kynntist hann samtökunum Læknar án landamæra og

heillaðist af því hugsjónastarfi sem þeir inntu af hendi. Hann hefur síðan stutt þá með ráðum og dáð. Að auki er hann mikill náttúruverndarsinni og af öllum miðum sem seljast í forsölu á tónleika hans er gefið andvirði trés sem síðan er plantað á örfoka landssvæði einhvers staðar í heiminum. Þetta framtak ætti að höfða til margra Íslendinga. Hann söng líka á Live Earth tónleikunum í London árið 2007 og styrkir Help for Heroes sem er sjóður sem vinnur að því að skapa særðum hermönnum betri aðstæður.

Hann hafði alltaf áhuga á tónlist og eftir að hann hætti í hernum ákvað hann að reyna fyrir sér á því sviði. Eitt af því fyrsta sem hann gerði var að einfalda nafn sitt. Hann slepti millinafninu og stytta nafnið í Blunt. Hann lék á tónleikum víða um heim en á South by Southwest tónlistarhátíðinni í Austin í Texas heyrði Linda Perry hann syngja. Hún er sjálf söngkona hljómsveitarinnar 4 Non Blondes en á jafnframt eigið útgáfufyrirtæki, Custard Records. Lagið High var það fyrsta sem gefið var út af þeim. Næst sendu þau frá sér Wisemen en það var ekki fyrr en þriðja „single“ platan You're Beautiful kom að allt varð vitlaust. Tónleikar þessa frábæra tónlistarmanns verða í Nýju Laugardalshöllinni núna í byrjun júní.

**Hægt er að nálgast miða á miði.is**

## Í SPILARANUM

### STÓRKOSTLEGUR SÖNGVARI MINNIST ANNARS SNILLINGS



Hinn frábæri barítónsöngvari Sir Willard White heimsótti Ísland í lok apríl og flutti dagskrá sem hann kallar The Paul Robeson Legacy í Íslensku óperunni. Tónleikarnir

voru stórkostlegir og áhorfendur heilluðust bæði af mögnum flutningi Sir Willard á þekktustu lögum Robesons sem og ævisögu þessa sterka baráttumanns. Það gladdi því marga að uppgötva að þetta efni hefur verið gefið út á geisladiski. Sir Willard hefur einstakt vald á rödd sinni sem er djúp og fögur. Að heyra hann syngja Joe Hill, Mood Indigo og Scandalise My Name nægir til að tónlistarunnendur fá gæsaúð.

### FERSK OG FÍN



Nýjasta plata Portishead Third er fersk og fín plata. Það eru ellefu ár síðan sveitin sendi síðast frá sér plötu og eins og við var að búast hefur margt breyst á þeim tíma. Þau hafa þróað

tónlist sína sem er frumlegri og skemmtilegri en nokkru sinni fyrr. Tónlist þeirra er skemmtileg blanda af djassi og teknó-tónlist. Þau skapa mjög sérstætt andrúmsloft á plötum sínum og textarnir eru iðulega torskiljanlegir og ljóðrænir. Rödd Beth Gibbons er þýð og svolítið ójardnesk í sumum lögnum. Þetta er góð tónlist og fín plata.

### ÁHUGAVERÐUR TÓNLISTARMAÐUR



Gavin DeGraw er áhugaverður tónlistarmaður. Hann vakti fyrst athygli þegar eitt af lögum hans var valið titillag sjónvarpsþáttanna One Tree Hill og síðan þá

hefur hann verið að stækka hlustendahóp sinn jafnt og þétt. Hann leikur á píanó og gítar auk þess að semja og syngja öll sín lög sjálfur. Hann hefur sérstakan og eftirtelkarverðan söngstíl og lögin hans sitja lengi í hlustandanum. In Love With a Girl er þekktasta lagið á þessari plötu en mörg önnur eru einstaklega falleg. Þeirra á meðal má nefna Cheated on Me, Young Love og She Holds a Key. Þetta er góð og áhugaverð plata.

# FUEL for LIFE

COLLECTION

## KLÆÐDU ILMINN ÞINN



1. Þú kaupir „nakta“ flösku



2. velur klæði á hana



3. og átt þinn persónulega ilm

**50ML**

**DIESEL**



*Ian Rankin er einn virtasti og vinsælasti spennusagnahöfundur heims um þessar mundir. Söguhetja hans, John Rebus, á sér marga aðdáendur á Íslandi bæði dygga lesendur bókanna um hann og þá sem njóta þess að horfa á hann í sjónvarpi. Undirheimar Edinborgar eru heillandi í meðförum Rankins og fáir sem standast honum snúning þegar kemur að því að skapa áhugaverðar persónur og flóknar gátur.*

## ÚTGÖNGUMARS JOHN REBUS

Nýjasta bókin um John Rebus heitir Exit Music og ef að líkum lætur er henni ætlað að vera útgöngumars rannsóknarlögreglumannsins. Þegar bókin hefst á hann aðeins eftir tíu daga óunnna áður en hann fer á eftirlaun þegar rússneskt ljóðskáld finnst myrt á götu í Edinborg. Fljótlega verður ljóst að þræðirnir liggja víða. Rússneskur viðskiptajöfur sem staddur er í borginni reynir að hafa áhrif á gang mála og Big Ger Gafferty, erkióvinur Johns, keypti drykk handa skáldinu látna skömmu áður en það mætti örlögum sínum.

John Rebus er við það að draga sig í hlé og þótt hann kvíði því iðulega að kveðja vinnuna sem verið hefur hans líf er ekki annað að heyra en hann ætli sér að hætta. Lesendur hugga sig við að gefið er í skyn að hann muni ekki alveg geta slitið sig lausan umsvifalaust og Siobhan megi eiga von á honum í heimsókn auk þess að geta ráðfært sig við hann þegar þurfa þykir. Kannski er þetta því alls ekki síðasta bókin um Rebus þegar allt kemur til alls. Sakamálasagnahöfundum reynist nefnilega oft erfitt að losa sig við söguhetjur sínar. Alveg síðan Sir Arthur Conan Doyle drap Sherlock Holmes

í The Final Problem og neyddist til að vekja hann til lífsins aftur vegna mótmæla aðdáenda spæjarans snjalla hefur glæpasagnahöfundum verið hált á því að reyna að losa sig við hetjur sínar.

Sir Arthur var illa við Sherlock en ekkert bendir til að Ian Rankin sé annað en vel við Rebus. Þessi 47 ára gamli skoski rithöfundur ætlaði sér aldrei að skrifa glæpasögur. Fyrstu bækurnar Knots and Crosses og Hide and Seek voru meira í anda Dr. Jekyll and Mr. Hyde eftir Robert Louis Stevenson en hefðbundinna glæpasagna. Ian hefur reyndar sérstakan áhuga á þeim höfundi og ófullgerð doktorsritgerð hans fjallar um hann og Muriel Stark. Hann vann við ýmis störf áður en hann sneri sér að skrifum og var meðal annars vínberjatínslumaður, pönktónlistarmaður og svínahirðir. Auk ritstarfanna kemur hann reglulega fram í þáttum hjá BBC og hefur unnið tvær heimildarkvikmyndir, önnur heitir Rankin on the Staircase og fjallar um tengsl glæpasagna og raunverulegra glæpa. Þessi fjölhæfi maður býr í Edinborg, er kvæntur Miröndu Rankin og þau eiga synina Jack og Kit.

## Á Náttborðinu

### ÞEGAR LÍFIÐ FER Á HVOLF Á ANDARTAKI




Sjortarinn eftir James Patterson og Michael Ledwidge er spennandi og áhugaverð glæpasaga. Lauren Stilwell verður vitni að því þegar eiginmaður hennar myrdir elskhuga hennar. Samviskubitið gerir það að verkum að hún reynir að hylma yfir verknadinn og það leiðir hana smátt og smátt út í enn verri ógöngur. Hún þráir heitast af öllu að lífið falli aftur í fastar og eðlilegar skorður og þegar það loksins virðist vera að takast ríður enn eitt áfallið yfir. Þetta er fín afþreying með sniðugu plotti.



### SKEMMTILEG LJÓÐ



Kvæðasafn Þórarins Eldjárns er án efa ein skemmtilegasta bók sumarsins. Þórarinn er frumleg og líflegt ljóðskáld sem yrkir um nútímalíf á sérlega áhugaverðan hátt. Stundum er hann hárbeyttur í hæðni sinni en þess á milli einfaldlega fyndinn og glaður. Sorgin, ástin, náttúran, lífsspekin og vangaveitur um tilveruna eru svo auðvitað viðfangsefni hans líkt og annarra ljóðskálda. Kvæðasafnið inniheldur allar ljóðabækur hans en þær eru átta talsins, og að auki úrval úr fimm barnaljóðabókum. Ljóð eru gefandi og endalaus uppspretta ánægju fyrir lesandann. Það er sérstaklega gaman að fletta þessari bók og lesa hana.



### FRUMLEG OG FYNDIN



Laxveiðar í Jemen eftir Paul Torday er sérlega frumleg og skemmtileg bók. Forríkur fursti nýtur þess að standa við árbakka og renna fyrir fisk. Honum finnst því bráðnaudsynlegt að gefa samlöndum sínum í Jemen tækifæri til að upplifa þessa mögnuðu reynslu og ákveður því að flytja lax út í eyðimörkina og skapa þar aðstæður svo hann megi þrífast. Þetta er frumlega skrifuð bók og hin bráðskemmtilega kaldhæðni sem í þessu felst gerir þessa bók að óborganlegri skemmtun.



**VERTU UPP Á ÞITT BESTA Í DAG  
MEÐ GILLETTE FUSION.**

Byrjaðu daginn í dag fullur af sjálfstraustinu  
sem þú færð frá þægilegasta rakstri Gillette.\*

5 blöð sem liggja þétt upp við hvort annað og veita ótrúlega  
þægilegan rakstur, auk nákvæms snyrtis fyrir erfiðu svæðin.

[gillettefusion.com](http://gillettefusion.com)

**Gillette®**



**Besti raksturinn<sup>z</sup>**

\*Á meðal handvirkra rakvéla



## TOMMY LEE JONES



Tommy Lee Jones fæddist 15 september 1946, í San Saba í Texas. Hann vann m.a. við byggingarvinnu undir vatnsyfirborði og á olíuborfalli. Hann gekk í St. Mark's skólann í Texas, virtan undirbúningsskóla fyrir drengi í Dallas, á skólstyrk og fékk síðan skólstyrk til að stunda nám við Harvard. Hann var herbergisfélagi Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna og var sóknarmaður í hinum fræga jafnteflisleik í fótbolta (amerískum) árið 1968, milli Harvard og Yale. Hann tók B.A. próf í enskum bókmenntum og útskrifaðist með láði frá Harvard árið 1969.

## MAÐURINN MEÐ STEINANDLITIÐ

Að námi loknu, flutti Tommy Lee Jones til New York og byrjaði leiklistarferil sinn á Broadway en fyrsta kvikmyndahlutverkið sem hann fékk var í Love Story (1970). Hann hélt áfram að leika á Broadway og lék líka í sápuóperu í sjónvarpi frá 1971-75. Hann flutti til Hollywood með þáverandi konu sinni, Kate Lardner og tveimur börnum hennar og byrjaði að leika í sjónvarpi, t.d. í the Amazing Howard Hughes (1977). Hann lék síðan bæði í kvikmyndum og sjónvarpi og reyndi sig fyrst við leikstjórn árið 1995, þegar hann leikstýrði sjónvarpsmyndinni The Good Old Boys.

Tommy Lee Jones hefur löngu sýnt og sannað hversu frábær leikari hann er og hefur leikið í mörgum vönduðum og vinsælum myndum, s.s. Men in Black, the Fugitive, US Marshals, JFK og No Country for Old Men svo einhverjar séu nefndar. Tommy Lee Jones var giftur Kate Lardner frá 1971-1978, Kimberlea Gayle Cloughley frá 1981-1996 og eiga þau tvö börn, Austin Leonard Jones og Victoria Kafka Jones. Frá 2001 hefur hann verið giftur Dawn Jones.

### HITT OG ÞETTA UM TOMMY LEE JONES

Hann hefur aldrei lært leiklist.

Hann á nautgripabú nálægt San Antonio í Texas. Hann spilar pólo og ræktar pólohesta.

Eftir því sem rithöfundurinn Erich Segal segir voru Tommy Lee Jones og Al Gore fyrirmyndir hans að Oliver í Love Story.

Hann talar spænsku reiprennandi.

Hann er fæddur sama dag og kvikmyndagerðamaðurinn Oliver Stone, sem er góður vinur hans.

Einn forfedra hans var Cherokee indíáni.

Tilvitnanir í Tommy Lee Jones

„Mínar bestu þakkir til Akademiunnar fyrir að veita mér bestu, frábærustu verðlaun sem nokkur leikari getur nokkurn tíma fengið. Það eina sem maður getur sagt á slíkri stundu er: Ég er ekki sköllóttur í alvöru.“

Aðspurður um hvemig væri að leika með frægum kvikmyndastjörnum:

„Mér finnst ég mjög heppinn. Þessir náungar, þeir þekkja nafnið mitt. Þeir vita hver ég er. Ekki slæmt hjá litlum indíánastrák. Ekki slæmt.“

„Ég elska kvikmyndir og ég elska landbúnað.“

TEXTI STEINAR ÖRN SIGURÐSSON  
MYNDIR NORDICPHOTOS/GETTY

## Í TÆKINU

### KALDRIFJADIR MORÐINGJAR OG EKTA GAMLIR HARÐJAXLAR



Óskarsverðlaunamyndin No Country for Old Men er nýjasta mynd Cohen bræðra (Big Lebowski, Miller's Crossing, Fargo o.fl. o.fl.) og er hún snilldarverk eins og við mátti búast. No Country for Old Men er um afar hættulegan morðingja sem fer að eltast við peninga sem hurfu þegar eiturfjavidskipti fóru illa. Enduðu peningarnir í höndum venjulegs manns sem einungis lét freistast en kallaði þar með yfir sig heim af vandræðum. Þetta er söguþráðurinn í grófum dráttum en sjón er sögu rikari og er hér á ferð ein af allra bestu myndum síðasta árs (eða ára) ef ekki sú besta.



### ÞJÓÐARGERSEMI



National Treasure: Book of Secrets er sjálfstætt framhald myndarinnar National Treasure og enn sem fyrr er Nicolas Cage í aðalhlutverki. Í öðrum stórum hlutverkum eru Jon Voight, Ed Harris, Helen Mirren og Harvey Keitel. Í þessari mynd þarf Ben Gates (Cage) að hreinsa nafn langafa síns. Fram hafa komið ný gögn sem



benda til þess að langafinn hafi verið viðriðinn morðið á Abraham Lincoln. Þarf Ben m.a. að brjótast inn í Buckingham höll og Hvíta húsið, auk annarra ævintýra. Þetta er hörku ævintýramynd í anda fyrri myndarinnar og alveg tilvalin fyrir alla fjölskylduna.

### HINN HEILLANDI PETER PAN



Peter Pan Return to Neverland er framhald af klassísku sögunni um strákinn sem vildi ekki verða fullorðinn. Að þessu sinni er söguviðið London árið 1940. Wendy er orðin fullorðin og á tvö börn. Síðari heimstyrjöldin er í algleymingi og Wendy reynir að dreifa huga barnanna meðan sprengjunum rignir niður allt í kringum þau með



því að segja þeim sögur af ævintýrum sínum með Peter Pan. Dóttir hennar trúir ekki sögum móður sinnar en þegar Kapteinn Krókur rænnir henni og fer með hana til Neverland er hún neydd til að gera upp hug sinn og ákveða hvort hún getur trúað á töfraheima.






## ERTU AÐ BJÓÐA HÆTTUNNI HEIM?

Það er óþarfi að auglýsa það að maður sé að heiman – með útroðinni bréfalúgu eða yfirfullum póstkassa. Til að koma í veg fyrir þetta býður Pósturinn upp á biðpóst, en þá eru almennar bréfasendingar geymdar fyrir þá sem ekki eru heima hjá sér tímabundið. Pósturinn þinn er þá áframsendur á umbeðið pósthús þar sem þú getur nálgast hann þegar þér hentar.

Þess vegna skaltu panta biðpóst á næsta pósthúsi eða á [postur.is](http://postur.is). Mánaðargjald fyrir biðpóst er aðeins 580 krónur.



## Góður krimmi á ferð

Hörkutólið Jason Statham úr The Transporter og Crank fer með aðalhlutverk í þessari mögnuðu spennumynd sem ber heitið the Bank Job. Myndin er byggð á sönnum atburðum eða hinu alræmda bankaráni í Marylebone-útibúi Lloyds Bank í London árið 1971. Inn í það er svo fléttað spillingu á æðstu stöðum, morði og kynlífsneyksli sem skók breskt stjórn málaif á áttunda áratugnum. Terry, persónan sem Jason Stratham leikur er bílasali með fremur dökka fortíð. Hann hefur þó alltaf forðast stórvirki á glæpasviðinu en þegar Martine, módel sem hann þekkti fyrrum, gerir honum það tilboð að láta honum í té upplýsingar,

gegn þóknun, um „skotheldan“ banka til að ræna stenst hann ekki mátið. Aðalránsfengurinn er í bankahólfum sem viðskiptavinir bankans eiga og geyma þar ýmis verðmæti sín. Málið er að í þessum hólfum eru einnig ýmis „leyndarmál“ þjóðþekktra einstaklinga sem eiga aldrei að líta dagsins ljós hvað þá að lenda í höndum glæpagengis. En þessi leyndarmál gætu skaðað glæpagengið fremur en að gefa arð og brátt dregst það inn í flókinn spillingarvef sem nær upp í hæstu embætti og jafnvel alla leið inn í sali Buckinghamhallar. Leikstjóri er Roger Donaldsson og meðal annarra leikara eru Saffron Burrows og James Faulkner.



## Svikamylla

Deception er sakamála mynd með hinum geysivinsælu leikurum Hugh Jackman og Ewan McGregor. Þetta er mynd um leyndarmál og lygar sem kemur manni sífellt á óvart með votti af léttari erótík í anda Basic Instinct.

Myndin fjallar um ungan endurskoðanda, Jonathan McQuarry að nafni sem hefur nýlokið við að fara yfir reikninga fyrir stórt fyrirtæki. Honum finnst lífið svolítið hafa farið framhjá sér og þegar hann kynnist heillandi lögræðingi, Wyatt Bose, breytist allt skyndilega til hins betra. Jonathan veit ekki fyrri til en hann er farinn að leika tennis við glæsilegar konur og heimsækja kynlífsklúbb sem kallast the List. Hann kynnist þessum nýja heimi og er spenntur fyrir honum en þegar Wyatt fer úr bænum til að sinna viðskiptum lendir Jonathan í óvæntum og erfiðum atburðum og er skyndilega efstur á lista grunaðra varðandi hvarf á ungru konu. En þar með er ekki öll sagan sögð, því hann flækist einnig inn í margmilljóna dollara rán og veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið. Enginn er sá sem hann virðist vera og allir leika blekkingarleik. Hugh Jackmann leikur hinn heillandi en að því er virðist samviskulausa Wyatt snilldarvel og Ewan McGregor er fullkomlega sannfærandi sem hinn saklaus og feimni Jonathan McQuarry. Leikstjóri er Marcel Langenegger og í öðrum hlutverkum eru m.a. Natasha Henstridge, Michelle Williams og Lisa Gay Hamilton.

Renzo  
is wearing a model out of  
our Classic collection



*meba* rhodium  
KRINGLUNNI & SMÁRALIND

  
**CANDINO**  
SWISS WATCH

Festina-Candino Watch Ltd | [candino.com](http://candino.com)



## NINTENDO DS

Nintendo hefur frá upphafi lófatölvanna verið ríkjandi á þeim markaði með tölvur á borð við Game Boy og Game Boy Advance. Nú er engu að síður hafinn nýr kafli í sögu slíkra tölva og sá kafli ber nafnið DS. Þessi lófatölva er eins konar samloka. Henni er hægt að loka til að hlífa skjám hennar, en þeir eru tveir. Efri skjáinn er hefðbundinn LCD skjár en sá neðri er snertiskjár. Spilaðu leikina með því að nota penna sem fylgir vélinni, fingurgómanna, eigin rödd eða jafnvel með því að blása á hana. DS Lite er hægt að fá í fjórum litum, bleika, hvíta, svarta og silfraða.



## PSP

Nýja PSP-tölvan er þynnri og léttari. Útlitið hefur lítið breyst en hún er mun þægilegri að ferðast með og sitja með í fanginu meðan verið er að spila. PSP-tölvan býður upp á miklu meira en bara það að spila tölvuleiki. Núna getur þú hlaðið tónlist og kvikmyndum niður á vélina sem er mjög hentugt til þess að stytta þér stundir á ferðalögum. Einnig er hægt að kaupa myndavél sem er smellt á vélina og taka síðan fullt af myndum. Það er hægt að tengjast Internetinu í gegnum þráðlaust net sem er innbyggjt í tölvuna og tengja hana við PS3. Tölvan fæst í þremur litum, svörtum, hvítum og bleikum.

## Í TÖLVUNNI

### SUPER MARIO 64 DS

■■■■■□ **ALDURSTAKMARK:** Leyfður öllum aldurshópum



**LEIKURINN** Super Mario 64 kom út árið 1996 en núna, um áratug síðar, er hann endurútféinn fyrir DS-vélina og með betrumbættri grafík. Þegar Super Mario 64 kom út var hann algjör bylting í heimi tölvuleikja því þá höfðu aldrei fyrr sést leikir af þessu tagi. Í Super Mario 64 DS eru margir smáleikir sem er auðvelt að gleyma sér í tímunum saman. Þessi leikur fæst eingöngu fyrir Nintendo DS.

### BRAIN TRAINING

■■■■■□ **ALDURSTAKMARK:** Leyfður öllum aldurshópum



Hversu gamall/gömul ertu í raun og veru? Fæðingarár þitt segir kannski ekki endilega allt, því aldur heilans gæti verið mun hærri en það segir til um. Þar er átt við það hversu virkur heili þinn er. Því óvirkari sem hann er, því eldri. Dr. Kawashima's Brain Training kemur til bjargar! Æfðu

toppstykkið og reyndu á hugsanasvampinn með ýmsum hugarþrautum svo sem reikningi, litagreiningu og Sudoku! Doktorinn fylgist svo með gangi mála og segir þér reglulega hver staðan er. Hvort þú ert að bæta þig, stendur í stað eða hrakar. Þessi einfaldi en bráðsniðugi „leikur“ hefur slegið í gegn víða um heim og fólk notar þetta undratæki til að koma heilastarfsemi sinni í almennilegt horf, ef svo má segja. Þetta reynir á rökhugsun, hraðreikning sem og samstarf taugastöðvanna í heilanum.

### WIPEOUT PLUSE

■■■■■□ **ALDURSTAKMARK:** Leyfður öllum aldurshópum



Wipeout leikirnir eru framtíðar kappakstursleikir. Þú er flugmaður á kraftmikilli geimskutlu sem gengur fyrir fyrir eldflaugum. Þú getur tekið upp alls kyns vopn og „turbo boost“ meðan þú ert í keppninni til þess að geta sigrað andstæðinginn. Wipeout Pluse kemur í framhaldi af Wipeout Pure. Það eru 8-16 mismunandi keppnir sem er hægt að fara í t.d einn á móti einum og fl. Það eru 12 nýjar brautir sem er búið að bæta við leikinn og líta þær mun betur út en þær úr fyrri leikjum.

### GOD OF WAR: CHAINS OG OLYMPUS

■■■■■□ **ALDURSTAKMARK:** 16 ára



God of War: Chains of Olympus gerist áður en atburðirnir sem segir frá í fyrsta God of War leiknum sem kom út gerast. Þetta getur stundum verið ruglandi einkum varðandi það sem Kratos er þegar búinn að upplifa. En fyrir þá sem þekkja ekki söguþráðinn úr God of War þá ertu í hlutverki Kratosar sem er þjónn Olympus-guðanna. Í Chains of Olympus búa guðirnir til alls konar ógöngur sem Kratos ratar í og hann þarf að að ákveða hvort hann eigi að fylgja því sem guðirnir segja honum að gera eða framkvæma það sem hentar honum betur. Söguþráðurinn er ekki beint fastákveðinn. Þetta er God of War þannig að það eina sem þú þarft að vita er afhverju Kratos er reiður svo þú getir farið og slátrað öllum þessum skepnum sem verða á vegi þínum.

# GADGET

*Stöff sem gaman væri að eiga*



## **SONY HDR-TG3E**

Þetta er minnsta, þynnsta og léttasta HD myndbandsupptökuvél in á markaðnum. Hún er aðeins stærri en síminn þinn og passar vel í jakkavasann. Sjá betur á [www.sony.co.uk](http://www.sony.co.uk)

## **Pynnsta og léttasta fartölva á markaðnum**

Nýjasta fartölvan frá Apple hefur heldur betur vakið athygli, enda stökk inn í framtíðina hvað fartölvur varðar. MacBook Air er svo þunn að hún passar í umslag og er því minni umfangs og léttari en mörg tímarit. Hún er aðeins um 0,4 cm þar sem hún er þynnst og 1,93 cm þar sem hún er þykkust og vegur einungis 1,36 kg. MacBook Air fæst í Apple-búðinni Laugavegi 182. Frekari upplýsingar [www.apple.com/macbookair](http://www.apple.com/macbookair)



## **Grill með öllu!**

Voyage Barbeque Grid er grill með öllu! Það er á hjólum þannig að auðvelt er að færa það til og frá og því fylgja stólar. Í því eru svo innbyggð uppþvottavél og kælibox.



## **Philips WACS7500**

Þetta er rosalega sniðug hljómflutningsgræja sem er með 80 gb harðan disk og þú getur tengt tölvuna þína og aðrar græjur við WACS7500 þráðlaust þannig að þú getir hlustað á tónlist hvar sem er í húsinu. Sjá frekari upplýsingar á [www.philips.co.uk](http://www.philips.co.uk)

## **3G pungurinn**

Loksins er hægt að tala um alvörfar-tölvur. Með því að stinga þessu litla tæki í USB tengi tölvunnar er hún orðin nettengd. Þá skiptir orðið engu máli hvar fólk er statt, það getur verið í strætó, á kaffihúsi eða bara á Austurvelli. Nettengingin þeirra fylgir því. Ísland er nú orðið heitur reitur. Fáðu meiri upplýsingar hjá Nova (eða í verslunum Nova eftir hvort þér finnst skemmtilegra).



## **B&W ZEPPELIN**

Hér er á ferðinn spilari fyrir iPod sem er framleiddur af Bowers & Wilkins. Hann er allt öðruvísi hannaður en aðrir spilarar. Sjá enn frekar á [www.bowersandwilkins.co.uk](http://www.bowersandwilkins.co.uk)



Rúnar Eyjólfur Rúnarsson er einn efnilegasti kvikmyndagerðarmaður landsins. Árið 2006 var hann tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir stuttmyndina Síðasti bærinn. Og þegar viðtalið er tekið er Rúnar að undirbúa ferð til Cannes, þar sem myndin hans Smáfuglar keppir um Gullpálmann í flokki stuttmynda. Hann vann ekki að þessu sinni en Rúnar er ekki maður sem lætur velgengnina stíga sér til höfuðs. Hann hyggst klára kvikmyndanámið sem hann stundar í Kaupmannahöfn, samhliða því að vera byrjaður að vinna í sinni fyrstu mynd í fullri lengd.

TEXTI: MÁLFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR

MYNDIR: CLAUDIA HANSFELD

# Við erum öll efni í bíómynd

- þetta er bara spurning um það hvenær og hvernig sagan okkar er sögð

**V**íð fyrstu kynni virðist Rúnar afskaplega dagfarsprúður maður. Hann er kankvís og kurteis og heldur sig til hlés, en játar því þó glottandi að vera m.a. þekktur fyrir ákveðnar skoðanir og mikið skap. Hann virðist þó nokkuð rólegur yfir því að eiga möguleika á að vinna hinn merka Gullpálma í Cannes.

„Einmitt núna er það helsta áhyggjuefnið hvort bleyjupakkinn sem við keyptum í gær endist nokkuð út mánuðinn, því við eigum ekki fyrir öðrum.“ Kímir í Rúnari um leið og hann rúllar sér sigarettu rólegum, öruggum höndum. „Jú, jú. Það verður örugglega gaman í Frakklandi. Ég hlakka mikið til. Þetta er merkilegur sirkus allt saman.“

**Rúnar segist þó ekki vera með nein stór plön fyrir ferðina.**

„Ekki annað en að njóta þess að komast í sólina, skemmta mér og svo auðvitað

fylgja myndinni eftir. Ætli við reynum ekki að leggjast eitthvað á ströndina.“

**Rúnar segist feginn að vera með framleiðendur til þess að sinna mestu markaðsetningunni.**

„Ég er í svo ógeðslega asnalegum bransa. Að fylgja myndunum sínum eftir er bara hluti af vinnunni. Og þótt ég sé alveg stútfullur af sjálfum mér, þá þykir mér óskaplega erfitt að fá hrós og erfitt að vera í sviðsljósinu. Ég geri yfirleitt ekki neitt sérstakt sjálfur til þess að koma mér á framfæri, það hefur líka sannast að þannig gerast hlutirnir oft af sjálfu sér. Maður situr á bar og er að tala við einhvern um eitthvað allt annað en bíómyndir og svo þegar maður er að standa upp í lok kvöldsins kemur á daginn að viðkomandi var einhver stærsti söluaðili kvikmynda á Spáni, - eða ekki. Eða að þarna hefur maður bara verið að spjalla við einhverja skúringakonu

og manninn hennar, sem eru úti að gera sér gláðan dag. – og útúr slíku geta sannarlega alveg eins komið góðir hlutir!“

### SPURNING UM AÐ TRÚA

Stuttmyndin Smáfuglar er ein ný mynd sem var valin úr hópi tæplega fimm þúsund til þess að keppa um Gullpálmann fyrir bestu stuttmynd ársins. Og þótt Rúnar segist óneitanlega ánægður með útnefninguna virðist hún ekki koma honum sérstaklega mikið á óvart.

„Það er nú eiginlega bara svoleiðis að ákveðnar myndir eiga frekar uppá pallborðið hjá Frökkum en aðrar myndir. Ákveðin umfjöllunarefni og frásagnarstílar höfða vel til Frakka. Við vorum með þannig mynd í pípunum, svo að þetta lá beint við.“

Við ákváðum eiginlega strax við tókur á myndinni að frumsýna í Cannes og miðuðum vinnsluferlið við að vera tilbúin í tíma. Það hefði t.d. aldrei þýtt

neitt að senda Síðasta bæinn á þessa háttíð. Sú mynd var bara sýnd á einni kvikmyndahátíð í Frakklandi og það var skandinavísk kynningarhátíð í Rúðuborg.“

Það skiptir engu máli hvort ég geti brauðfætt mig eða ekki. Það er bara plús þegar gengur sæmilega vel. En þótt ég væri einn og bitur og enginn skildi það sem ég

„Ég á eitt ár eftir af skólanum og hlakka hræðilega til að vera búinn. En þegar öllu er á botninn hvolft hefur þetta samt verið sérstaklega góður tími. Og þótt ég

*Það að verða foreldri getur hinsvegar bara þroskað mann og víkkað sjóndeildarhringinn. Svo er þetta bara svo stórkostlegt. Að sjá blóðið sitt sett í blender með blóði sem maður elskar og úr því verður finasti kokteill sem maður getur verið að súpa þar til maður drepst!*

*Rúnar viðurkennir fúslega að það kunnir að hljóma sjálfsöruggt í meira lagi að hafa treyst á það að geta frumsýnt Smáfugla í þessu þrönga úrvali í Cannes, en í hans augum fjallar þetta fyrst og fremst um að hafa trú á því sem maður er að gera.*

„Ég sá einhvern tíma viðtal við einhvern... æ, ég man ekki alveg hvern. Hilmar Örn Hilmarsson, eða kannski bara gamla allsherjargóðann Sveinbjörn Beinteinsson... já, það var allavega viðtal um hvíta og svarta galdra og viðkomandi vildi meina að í grundvallaratriðum væri hinn almenni borgari í gangi með kukl alla daga. Þetta er spurning um að trúa á að hlutirnir gerist. Þá gerast þeir líka. – Það er hinsvegar munur á að vilja eitthvað og að trúa því!

Ég er hinsvegar ekki að búa til bíómyndir til þess að komast á Óskar eða til Cannes.

væri að gera, myndi ég samt búa til myndir. Þetta er bara eitthvað sem ég verð að gera.“

#### HANDVERKIÐ VERÐUR AÐ VERA GOTT

*Rúnar er einmitt að skrifa um þessar myndir, því hann er farinn að vinna að fyrstu kvikmynd sinni í fullri lengd.*

„Það fer nú soldið eftir því hvernig skólaárið þróast hvað ég næ að gera. Þetta er saga sem á að gerast yfir heilt sumar og hún fer í tókur eftir eitt til tvö ár. Í síðasta lagi tvö. Mig langar líka að ná að gera eina danska stuttmynd, loka þrileiknum og svo er auðvitað lokaverkefnið úr skólanum.“

*Rúnar stundar nám við Den Danske Filmskole í Kaupmannahöfn. En þarftu að vera í námi, úr því að þér gengur svona vel með verkefni sem þú gerir utan skóla?*

fari kannski í fýlu eina og eina viku eða á í rimmu við einhvern, þá hefur þetta umfram allt annað verið mjög mikilvægt þroskaferli.“

*Rúnar segir fyrst og fremst mikilvægt í því samhengi að geta alltaf verið að sinna kvikmyndaverkefnum.*

„Þegar ég byrjaði í skólanum var ég búinn að vera að djöflast við að búa til bíómyndir síðan ég var sautján ára. Svo var ég nýbúinn að búa til Síðasta bæinn, sem er myndin sem ég sótti um með og fyrsta myndin sem ég gerði svona eins og maður á að gera bíómynd – hún er tekin á 35 mm filmu, með tókuliði og stóran hóp af fólki við ýmis verk. Það var alveg frábært að fá tækifæri til þess að vinna alvöru mynd og í raun kom okkur öllum á óvart hvað það gekk ofsalega vel með Síðasta bæinn. En Óskarstilnefning þýddi auðvitað



# G-STAR RAW

## REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

alls ekki að ég ætlaði eitthvað að fara að leggjast á meltuna. Heldur var ég einmitt á þeim stað í þroskaferlinu að þurfa að fá að gera eitthvað meira og halda áfram.

Það er dýrt að gera bíómyndir og námið veitir fyrst og fremst fjárhagslegt öryggi til þess að vera að prófa sig áfram og vera stöðugt að gera einhver verkefni. Alltaf að vera að. Meirihlutinn af þeim bíómyndum sem gerðar eru í dag hafa ekkert með list að gera. Þetta er bara iðnaðarmannavinna. Ég er hinsvegar af gamla skólanum og mér finnst líka að við listsköpun verði að vera handverk til staðar.“

**Rúnar tekur Odd Nerdrum sem dæmi um listamann sem hann ber mikla virðingu fyrir.**

„Hann er mjög mikill listamaður. Iðnaðarmaðurinn sem hann hefur í sér hefur fullkomið vald á ljósi, skuggum og andlitsdráttum. Þannig verða myndirnar hans ekki bara flatar ljósmyndir, heldur vekja geðhrif. Listamaður sem hefur sömu tilfinningar fram að færa, en hefur ekki know-how'it til að miðla þeim, tekst ekki að hrífa með sér. Handverk og hugmynd verða að fara saman.“

## BLÓÐIÐ SETT Í BLENDER

Myndir Rúnars hafa m.a. vakið athygli fyrir óvenju mikinn tilfinningaþunga, vægðarleysi og fegurð. Síðasti Bærinn og Smáfuglar fjalla báðar um ástina af slíkri einlægni og næmi að fólk verkjar við að horfa á þær. Sögusviðið og persónurnar eru þó mjög ólíkar, en myndirnar eru tveir fyrstu hlutarnir í þrileik.

„Ég er ekki búinn að skrifa handritið að þriðju myndinni. Það getur hinsvegar meira en vel verið að ég eigi það langt komið einhversstaðar ofaní skúffu. Ég á margar skúffur fullar af sögum og hugmyndum. Það verður alla vega mynd með sama þema og hinar tvær, þ.e.a.s. um einstakling sem stendur á krossgötum í lífinu og þarf að taka ákvörðun sem markerar viðkomandi á einn eða annan hátt.“

Það er nú hálfgerð frát að kalla þetta þrileik, því þetta er auðvitað það sem allar áhugaverðar myndir eru um. A.m.k. allar þær myndir sem mig langar til

þess að gera. Það eru engin ný sannindi að við erum öll áhugaverð. Við höfum öll staðið frammi fyrir vali sem hefur varanleg áhrif á líf okkar. Þetta er bara spurning um það hvenær er gripið inn í og okkar saga sögd. Og ef sú saga er sögd af

*Meirihlutinn af þeim bíómyndum sem gerðar eru í dag hafa ekkert með list að gera. Þetta er bara iðnaðarmannavinna. Ég er hinsvegar af gamla skólanum og mér finnst líka að við listsköpun verði að vera handverk til staðar.*



heilindum – og ekki skaðar að handverkið sé í lagi – þá er það áhugaverð saga.“

**Sjálfur tók Rúnar nokkrar stórar ákvarðanir fyrir u.þ.b. tveimur árum sem breyttu mjög högum hans.**

„Ég var í Sviss á lítilli sætri kvikmyndahátíð í Wintertuhr og auðvitað ekki að tala við framleiðendur og söluaðila eins og ég átti trúlega að vera að gera,

heldur eitthvert allt annað fólk sem bauð mér með sér til Zurich. Svo voru þau ekkert svo skemmtileg og ég sá fram á að verða bara að skemmta mér einn þarna þangað til fyrstu lestirnar færu aftur að ganga, svo ég kæmist tilbaka á hótelið mitt og þá hitti

ég þessa líka gullfallegu stúlku, Claudiu Hausfeld. Það var bara ekkert aftur snúið. Ári síðar var ég bæði giftur og orðinn pabbi.

Það var nú ekki beinlínis það sem var á planinu og ef þeir hefðu spurt mig í inntökuþrófunum í skólann á sínum tíma, hvort ég gæti hugsað mér að eiga börn á þessum fjórum árum sem námið tekur, hefði ég alveg örugglega svarað neitandi. – Þótt það sé brot á jafnréttislögum veit ég að þeir spyrja flestar stelpurnar að þessu í lokaúrtökunni, enda urðu hálfgerð málaferli þegar Esja fæddist, það fannst ekki fordæmi fyrir fedraorlofi í sögu skólans.

Það að verða foreldri getur hinsvegar bara þroskað mann og víkkað sjóndeildarhringinn. Bæði í einkalífinu og í vinnunni. Ég er að gera myndir um fólk og það skiptir máli að skilja karakterana sem maður býr til. Svo er þetta bara svo stórkostlegt. Að sjá blóðið sitt sett í blender með blóði sem maður elskar og úr því verður finasti kokteill sem maður getur verið að súpa þar til maður drepst! Það er helst erfitt þegar ég er í tökum. Þá þarf ég að vera mikið að heiman. Ég reyni að koma því þannig fyrir að ná að borða morgunmat heima með fjölskyldunni og svo þegar vel gengur tekst mér kannski að skríða heim áður en fólk sofna. En á móti kemur að þess á milli hef ég heilu vikurnar sem ég get verið alveg heima.

Það er örugglega ekki alltaf auðvelt að búa með manni með svona mikla kvikmyndaeinhverfu, en Claudia er mér ómetanlegur stuðningur. Hún les yfir allar

mínar misgáfulgu hugmyndir og er endalaus stuðpúði. Við höfum sama smekk á mörgum hlutum, en erum blessunarlega laus við að vera alltaf sammála. Þegar vel gengur sem leikstjóri fær maður símskeyti og kampavinsflöskur og bros úti á götu, en það er Claudia sem er með mér í því að eiga ekki fyrir bleyjum.“



# CHIVAS

## EITT MEST SELDA VISKÍÐ Í HEIMINUM

Chivas Regal brugghúsið var stofnað árið 1801 af tveimur bræðrum, James og John Chivas, í Aberdeen í Skotlandi. Þeir bræður höfðu trú á að krafturinn sem býr í viskí myndi gera þeim kleift að búa til blöndur sem væru í hæsta gæðaflokki.

Þeir voru forsjálar og fjárfestu í lagerum af eldri viskíum frá öðrum framleiðendum til að nota í sínar eigin blöndur. Það var svo síðar á 19. öldinni að þeir bræður komust á spjöld sögunnar þegar þeir bjuggu til sinn frægasta drykk sem fékk nafnið Chivas Regal. Þeir voru sannir frumkvöðlar í að blanda viskí og blöndur þeirra eru enn í dag taldar með því besta sem gerist í heiminum. Hínum einstaka stíl og hefðum sem þeir bræður tileinkuðu sér fyrir 200 árum er viðhaldið enn þann dag í dag af starfsmönnum fyrirtækisins.

### Heimili Chivas er í Strathisla Distillery í Speyside á Skotlandi

En Strathisla Distillery er elsta starfrækta brugghús í hálöndum Skotlands. Strathisla Single Malt viskíin eru með náttúrulegan sætleika sem gera bragð Chivas svona afgerandi.

### Chivas Regal er eitt af mest seldu viskíum í heiminum.

Hægt er að nálgast Chivas Regal í yfir 200 löndum og er talið eitt af öflugustu áfengisvörumerkjum í heimi. En salan á Chivas Regal hefur aukist um 40% á síðustu fjórum árum.



# PHILIP PULLMAN

## *Maðurinn sem trúir ekki á ritstíflu*

*Flestir áhugamenn um ævintýri ættu að kannast við nafnið Philip Pullman. Hann er maðurinn á bak við þrileikinn „His Dark Materials“ sem samanstóð af Gyllta áttavitanum, Lúmska hnífnum og Skuggasjónaukanum og vakti heimsathygli. Nýlega kom út kvikmynd byggð á fyrstu bókinni og verið er að planleggja fleiri. Pullman hefur verið gagnrýndur fyrir afstöðu sína gagnvart trú og þykir mörgum prestum hann ganga allt of langt í að þröngva skoðunum sínum upp á barnunga lesendur. Þrátt fyrir að margar milljónir manna kannist við nafn mannsins þá vita fæstir söguna af uppruna Philips og aðferðum hans við að breyta einföldum hugmyndum í stórbrotin meistaraverk.*

TEXTI: GUÐNI LÍNDAL BENEDIKTSSON

### UPPELDI Á FARALDSFÆTI

Philip Nicolas Outram fæddist í Norwich í Englandi árið 1946. Faðir hans var flugmaður í konunglega flughernum og hét Alfred Outram en móðir hans hét Audrey Evelyn Outram née Merrifield. Fjölskyldan flutti ítrekað búferlum út af starfi Alfreds og hlaut Philip því menntun í Englandi, Zimbabwe og Ástralíu áður en fjölskyldan flutti endanlega til Norður Wales. Ekki er vitað hvort fastari búseta var á döfinni þegar Philip náði sjö ára aldri en dauði föður hans í flugslysi kom í veg fyrir allt slíkt.

Móðir hans gifti sig á ný og flutti til Ástralíu og þar tók Philip upp eftirnafn nýja þabba síns: Pullman. Þá komst hann í tæri við teiknimyndasögur á borð við Batman og Superman. Honum þótti mikið til þessa miðils koma og greip hvert tækifæri til að sjúga í sig boðskap þeirra eins og svampur.

Fjórum árum eftir lát föður síns hóf hann nám við Ysgol Ardudwy skólann í Harlech í Englandi og eyddi miklum tíma hjá afa sínum sem bjó í Norfolk en sá var mjög trúaður. Það var um þetta leyti sem Philip las bókina sem hafði hvað mest áhrif á hann í öllum hans skrifum: Paradise Lost eftir John Milton. Þar er Satan í aðalhlutverki en bókin er ljóðasafn sem segir frá aðdragandanum að stríði hans við himnaríki auk þess að veita talsverða innsýn inn í líf hans. Finna má þónokkrar samsvaranir milli þessa rits og þrileiks Philips um Lýru og Will en aðeins þeir sem hafa lesið það í þaula koma auga á það.

### SÍÐBÚIN FRÆGÐ


1963 útskrifaðist Philip úr Exeter háskólanum í Oxford með BA-gráðu í ensku. Hann var þó ekki sáttur við námið og sagðist mest lítið hafa lært. Þó virðist menntakerfið hafa höfðað til hans því sjö árum seinna hóf hann störf sem kennari við barnaskóla. Sama ár giftist hann Judith Speller og skrifaði barnaleikrit í frístundum. Fyrsta leikrit hans sem komst á svið var The Haunted Storm og vann það til New English Library's Young Writers verðlaunanna 1972. Hann hefur þó aldrei fengist til að ræða um verkið í neinum viðtölum.

Sex árum síðar gaf hann út vísindaskáldsöguna Galatea en það var 1982 að hann uppgötvaði að áhugi hans lægi í gerð bóka fyrir ungt fólk. Hann gaf út fyrstu barnabókina sína, Count Karlstein, og hætti kennslu tímabundið í framhaldi af því. 1986 gaf hann út aðra barnabók, The Ruby in the Smoke, en hún einkenndist af viktorískum stíl sem hann notar mikið í öðrum bókum sínum. Bækurnar féllu í góðan jarðveg en sköpuðu ekki nægar tekjur til að hann gæti einbeitt sér eingöngu að skriftum. Hann tók því að sér hlutastarf í kennslu við Westminster háskólann í Oxford á tímabilinu 1988-1996 en þá gaf hann út bók sem hann hafði verið með í vinnslu í þrjú ár: Norðurljós. Útgefendur í Bandaríkjunum þvertóku fyrir titilinn og létu sig engu skipta hvað Philip hafði um málið að segja. Bókin skyldi heita Gyllti áttavittinn í Ameríku sama hvað tautaði og raulaði. Það var með útgáfu þeirrar bókar að grunnurinn var lagður að því að Philip Pullman yrði eitt stærsta nafn veraldar í barnabókmenntum.

### TRÚ

Philip hefur aldrei legið á skoðunum sínum á trúmálum. Hann segist ekki hafa hugmynd um hvort guð sé til og segir það kjánalegt að svo mikið af fólki þykist vita það. Þó þykir honum það líklegt að ef guð væri til þá væri hann einhvers staðar að fela sig, því hann skammist sín svo mikið út af öllum fylgjendum sínum sem beita vonsku og fáfræði sinni í hans nafni. „Ef ég væri hann vildi ég ekkert með þá hafa.“

Í bókum Philips fær lesandinn að sjá veröld þar sem trú er notuð til að kúga almennung. Þykir mörgum hart vegið að kristni og kaþólskum trúarbrögðum með þessu, þrátt fyrir að þau séu hvergi nefnd á nafn í bókunum. Gekk kaþólska kirkjan meira að segja svo langt að gefa út yfirlýsingu í Bandaríkjunum og Kanada þess efnis að allir fylgjendur kirkjunnar ættu að sneiða hjá frumsýningu Gyllta áttavittans í desember síðastliðnum. Philip lét það ekkert á sig fá og sagðist hryggur yfir því að til væru kjánar sem vildu ekki leyfa fólki að gera upp hug sinn af sjálfsdáðum.



Philip Pullman

#### VINNUAÐFERÐIR

Philip er mjög agaður rithöfundur. Á hverjum morgni vaknar hann klukkan hálf átta, lagar sér te og les blöðin. Á slaginu hálf tíu sest hann niður í vinnustofunni sinni og hefst handa við skrifin. Hann tekur sér pásu um hádegisbilið og kannar afraksturinn. Ef honum hefur tekist að skrifa þrjár blaðsíður þá verðlaunar hann sig með því að eyða deginum í að umbreyta spýtum í listaverk. Ef ekki, sest hann aftur við skrifborðið þar til þrjár blaðsíður eru komnar. Hann handskrifar allt efni til að byrja með á línustrikaðan pappír og hefur það fyrir reglu að þegar hann klárar þriðju blaðsíðuna þá geri hann eina setningu í viðbót, efst á næstu blaðsíðu. Þannig þarf hann aldrei að setjast niður daginn eftir og byrja á auðu blaði.

Þegar sagan er tilbúin skrifar hann efnið upp í tölvu og fínþússar það jafnóðum. Hann segir það óumflýjanlegan hluta af ferlinu að þykja verkið hræðilegt þegar hann lesi það yfir í fyrsta skipti eftir fínþússun og að hann verði oft mjög þunglyndur við það. Eftir að hafa krukkað fram og til baka í textanum heillengi skilar hann honum til ritstjórans síns með því fororði að þetta sé skítsæmilegt og það besta sem hann geti gert á þeim tímamarki.

Hann segist ekki trúá að ritstífla sé til. Hann segir að listin að skrifa sé ávallt virkilega strembin en í besta falli geti hún gengið tiltölulega vel. Það að læknar fái ekki læknastíflu þykir honum sýna fram á að rithöfundar eigi ekkert með að búa til orð yfir eitthvað sem er ekki til í neinu öðru fagi.

#### MARGT Í VINNSLU

Þrátt fyrir að ekki hafi borið mikið á öðrum bókum Philips en þríleiknum umtalaða þá geta menn glaðst yfir orðum hans á Eleanor Farjeon barnabókaverðlaunahátíðinni árið 2002 þar sem hann hlaut fyrstur barnabókahöfunda Whitbread verðlaunin fyrir bók ársins: „Ég er mjög stoltur að hljóta þessa viðurkenningu. Ég lofa að í framtíðinni muni ég eyða minni tíma í að flytja ræður og meiri tíma í að skrifa bækur.“

Það verður spennandi að sjá hvernig framhaldið verður en hann er með mörg járn í eldinum, þar á meðal tvær stuttar bækur sem gerast í sama heimi og Skuggasjónaukinn eftir að honum lauk. Það er gott að hugsa til þess að til sé hugrakkur og nýjungagjarn rithöfundur sem er óhræddur við að tala sínu máli svo lengi sem til er viti borið fólk sem vill hlusta.

Sumir hlutir eru ómögulegri en aðrir. Sumir hlutir eru meira að segja svo ómögulegir að flestir vilja meina að líkurnar á að þeir myndu nokkurn tímann gerast mætti líkja við heimsendi. Til dæmis ef það færi að rigna eldi og brennisteini. En það þarf ekki einu sinni að vera svo stórt. hann/hún lagðist í mikla rannsóknarvinnu og komst að því hverjir nokkrir af þessum hlutum eru.

# ÞÚ VEIST ÞAÐ ER HEIMSENDIR Í NÁND

## ÞEGAR...



BENSÍNVERÐIÐ LÆKKAR



SAMI BORGARSTJÓRINN HELST Í REYKJAVÍK Í LENGUR EN TVO MÁNUÐI



SJÓNVARPSSTÖÐVARNAR ÁKVEDA AÐ TÚLKA ÁHORFSKANNANIR RÉTT - EKKI EFTIR ÞVI HVAÐ KEMUR BEST ÚT FYRIR ÞÆR



ALLT KLÁM Á INTERNETINU HVERFUR



FYNDNASTI MAÐUR ÍSLANDS ER FYNDNASTI MAÐUR ÍSLANDS



GEORGE BUSH SEGIR EITTHVAÐ AF VITI



ÍSLENDINGAR VINNA DANI Í FÓTBOLTA

VIÐ FÖRUM AÐ HUGSA VEL UM ELDRI BORGARA



SPÖLUR HÆTTIR AÐ RUKKA Í HVALFJARÐARGÖNGIN

# BUBBI MORTHENS MISSIR ALLA TRÚ Á SJÁLFUM SÉR



ÍSLAND VINNUR EUROVISION



FÓLK SKILUR HVAÐ MEGAS ER AÐ SEGJA

**JET BLACK  
JOE HELDUR  
LOKATÓNLEIKA  
– SEM ERU Í  
RAUN OG VERU  
LOKATÓNLEIKAR**



FM957

FM957 HÆTTIR AÐ VERA ÓPOLANDI



**KÓKISTAR  
OG PEPSI-  
SJÚKLINGAR  
VERÐA  
SAMMÁLA UM  
AÐ DRYKKIRNIR  
ERU ALVEG EINS  
Á BRAGÐIÐ.**



**STJÓRN MÁLAMAÐUR VIÐURKENNIR MISTÖK  
ÁN UTANÁÐKOMANDI ÞRÝSTINGS**



KAUPÞING HÆTTIR AÐ ÁREITA UNGT FÓLK Í KRINGLUNNI



**KAUPÞING**



ÍÞRÓTTAÁLFURINN FELLUR Á LYFJAPRÓFI



## Egils bjórin slær í gegn

Íslendingar eru lagnir við að brugga bjór. Það hefur ekki hvað síst sýnt sig í samkeppnum erlendis þar sem bjór frá Ölgerðinni hefur jafnan gengið vel. Guðmundur Mar Magnússon ölgerðarmeistari Ölgerðar Egils Skallagrímssonar veit allt um bjór, þennan eðaldrykk, sem er flóknari en margan grunar.

Ölgerðin fékk um daginn silfurverðlaun á World Beer Cup fyrir Egils Gull. Hvað felst í því að fá viðurkenningu sem þessa?

„Þetta er stærsta bjórkeppni í heimi,“ segir Guðmundur Mar. „Menn senda inn sýnishorn og það er keppt í bragði. Valdir dómara alls staðar að úr heiminum koma og velja úr þrjú þúsund tegundum af bjór sem raðað er í ákveðna flokka. Þetta eru ýmist menn sem starfa við fagið og eru í svipuðum stöðum og ég eða áhugamenn. Þeir smakka síðan og gefa einkunn.“

Sá bjór sem fær hæstu einkunn í hverjum flokki er svo sæmdur, gull-, silfur- eða bronsverðlaunum. Það sem er sérstakt við þessa keppni miðað við margar aðrar er að í þessari fær aðeins einn gullverðlaun en stundum eru

það fleiri. Einnig er ekki sjálfgefið að gull, silfur og brons sé veitt í viðkomandi flokki ef enginn skorar nægjanlega hátt þá fær enginn verðlaun í þeim flokki. Á heimasíðu keppinnar <http://beertown.org/events/wbc/index.html>

er að finna upplýsingar um lágmarksstaðla og hvaða skilyrði bjórin þarf að uppfylla til að fá verðlaun. Silfurverðlaun hlýtur aðeins framúrskarandi bjór sem kannski fellur ekki fullkomlega innan rammans sem settur er í þessum flokki en bragðast engu að síður frábærlega, hefur góðan ilm og lítur sérlega vel út.

Víða, t.d í Monde Selection þar sem við höfum fengið slatta af medalíum á hverju ári, er það þannig að settur er ákveðinn „standard“ og þeir sem ná honum fá allir

gullverðlaun en þarna er einfaldlega valinn sá besti. Það gerir viðurkenninguna meiri. Í þessum flokki sem við kepptum í að þessu sinni stóð valið milli fimmtíu og eins bjórs. Í keppninni er keppt í níutíu flokkum og keppt í öllu sem til er í bjór, dökkir bjórar, ljósir, belgískir, þýskir og svo framvegis.“

Þessi keppni er ekki sú eina sem bjórinn frá Ölgerðinni hefur sigrað. Hvar sem Guðmundur Mar og samstarfsmenn hans hafa komið með framleiðslu sína hefur hún vakið mikla athygli og í Ölgerðinni hanga uppi á vegg, viðurkenningar og medaljur sem bjórinn hefur hlotið í keppnum víðs vegar um heiminn. En hvað er það sem gefur íslenska bjórnum þessa sérstöðu?

„Bjór er að stærstum hluta vatn og íslenska vatnið er auðvitað mjög gott og gefur tærara og hreinna bragð. Í Gullið og Premium höfum við líka notað íslenskt bygg að hluta til. Það hefur ekki verið maltað heldur notað ómaltað. Þess vegna getum við ekki notað það í stóru hlutfalli en ómaltað bygg gefur bjórnum meiri fyllingu ef það er notað með.“

## ENN BRUGGAÐ ÚR HUMLUM OG BYGGI

Hér áður var bjór bruggaður úr humlum eða byggi. Eru enn viðhafðar sömu aðferðir eða hefur það breyst í árána rás?

Í grunninn eru viðhafðar sömu aðferðir og áður fyrr þó svo að þróun sé í þessu eins og öðru. Hjá Ölgerðinni hafa þýskar ölgerðarhefðir verið í hávegum hafðar allt frá stofnun fyrirtækisins fyrir níutíu og fimm árum síðan, við notum til að mynda ekki sykurlaus né maís í okkar stærstu bjóra ólíkt sumum öðrum framleiðendum.

Næst mikilvægasta hráefnið í bjór er bygg sem er maltað. Möltunin felst í því að byggjið er látið spíra og reyndar er hægt að fá allmargar tegundir af byggi. Það er reyndar alltaf í þróun. Til ölgerðar vilja menn nefnilega fá bygg sem inniheldur mikið af sterkju en lítið prótín á meðan þeir sem rækta fóðurbygg leggja sig fram um að rækta prótínríkt bygg. Þær tegundir sem hafa mikla sterkju eru því sérvaldar fyrir möltun. Byggið er látið spíra og svo þurrkað og í sumum tilfellum er það brennt eða ristað. Þá verður það dökkt og þaðan kemur liturinn í dökka bjórinn. Stundum setjum við dökkt malt og svart malt saman í eina uppskrift. Í einni uppskrift hjá okkur erum við til dæmis með þrjár tegundir af malti mismunandi ristað.“

Eru humlar enn notaðir í brugguninni?

„Já, já, þeir eru enn notaðir. Þeir gefa bjórnum biturt bragð og það eru til allnokkrar tegundir af þeim. Það er endalaust hægt að leika sér með blöndun korntegunda í bjór allt eftir því hverju menn vilja ná fram. Meira af dökku malti, minna af dökku malti, meira af humlum, aðrir humlar og svo framvegis.“

Hjá Ölgerðinni hefur tæknin að mestu tekið völdin og bjórinn er bruggaður í stórum pottum eða tönkum og allt er tölvustýrt. Allan sólarhringinn er vakt í tölvuherberginu sem fylgist með að allt fari rétt fram í brugghúsinu. Um það bil 40.000 lítrar af bjór verða til á sólarhring í þessum risapottum. En er gaman að vinna við að brugga og finna upp nýjar tegundir af bjór?

„Já, það er mjög gaman. Það er endalaust hægt að leika sér í vöruþróun og öll vöruþróun í öli hér fer í gegnum mig. Mér finnst virkilega gaman að standa í þessu. Menn verða bara

að passa sig að missa sig ekki í smökkuninni og umgangast þetta af varúð,“ segir Guðmundur kímileitur. „Það gengur ekki að liggja í tönkunum alla daga. Allt þarf að vera í hófi.“

## SÉRLÆRT FÓLK Í BRAGÐPANEL

Í vínrækt eru heilmikil vísindi á bak við tinslu þrúgnanna, gerjunina og svo smökkun. Er það sama upp á teningnum í bjórnum?

„Já, það er sama sagan. Hér er starfandi svokallaður bragðpanell sem kemur saman einu sinni í viku. Í honum sitja tólf til fimmtán manns. Það fólk hefur allt hlotið sérstaka þjálfun í smökkun á bjór og lokið prófi. Farið er á námskeið sem er nokkrir dagar og menn verða að ná ákveðnu skori í prófinu til að mega hefja störf á þessu sviði, en þetta er ekki öllum gefið. Þetta fólk smakkar allan bjór sem við framleiðum og ef því líst ekki á viðkomandi sýni fer það ekki í sölu.“

Tekur langan tíma að brugga bjór?

„Venjulegur bjór er um það bil þrjár vikur í vinnslu, frá því að



kornið er malað og þar til hann er kominn í dósir. Þetta er þó svolítið mismunandi. Ein gerð sem við framleiðum, Premium er fjórar til fimm vikur í gegnum ferlið. Lágmarkið er þrjár vikur.“

Til gamans má geta að Lite-bjór Ölgerðarinnar hlaut gullverðlaun í keppninni World Beer Cup fyrir tveimur árum. Það er ekki algengt að bjór frá sama framleiðanda fái slík verðlaun tvisvar í röð og Guðmundi Mar hefur verið boðið að koma eftir tvö ár þegar þessi keppni verður næst haldin og dæma. Það verður að teljast mikill heiður en í keppninni eru um þrjú þúsund tegundir af bjór sem um hundrað og þrjátíu dómara dæma. Að auki hefur sýnt sig að ásóknin í keppnina er mikil og næst verður hún enn stærri. Starfsmenn Ölgerðarinnar geta því leyft sér að vera hreyknir af bjórnum sínum sem gengur svo vel í samkeppni við erlendan bjór.

# ALDURINN ER EKKERT SPURSMÁL

## MAÐUR HÆTTIR ALDREI AÐ LEIKA SÉR

Sumarið er tíminn til að reyna nýja hluti og njóta útiverunnar. Ýmislegt má gera sér til dægurstyttingar og ekki er verra ef einnig er um að ræða góða líkamsrækt. Ingólfur M. Olsen, tannsmiður og áhugamaður um jaðarípróttir þekkir vel til í þeim efnum. En í rúman áratug hafa helstu áhugamálin meðal annars verið línuskautar, hjólabretti, brimbretti og snjóbreitti. Að vísu leggur hann upp í förina í hvaða veðri sem er en hefur þó ágætis ráð fyrir okkur hin sem kjósum að láta góða veðrið duga.



### Jaðarípróttir eru mín líkamsrækt

„Ég hef verið í jaðarípróttum frá því að ég man eftir mér. Ég byrjaði að reyna við hjólabretti og línuskauta sem polli,“ segir Ingólfur eða öðru nafni Ingó. Í dag má segja að hann sé einn af þeim fáu sem eru með puttana í flestum geirum jaðarípróttanna. Því ásamt línuskautum og hjólabretti hefur hann meðal annars gaman af snjóbreittum, íshokki, flúðasiglingum og brimbrettum. Heimilið ber augljósan brag af áhugamálinum því á vel völdum stöðum má finna heilu staflana af forvitnilegum jaðarbúnaði. „Þetta er í raun mín heilsurækt, enda leiðast mér líkamsræktarstöðvar hræðilega. Satt að segja myndi ég frekar vilja fara í heyskap og lyfta böggum allan daginn í stað þess að pina mig á hlaupabrettinu. Þó ég sé að vísu ekkert að sækja í sveitina,“ segir Ingó og hlær. „Jaðarsportið er ólýsanlega skemmtilegt auk þess sem ég nýt útiverunnar á sama tíma.“

*„Ég myndi frekar kjósa heyskap og lyfta böggum allan daginn en að fara í ræktina.“*

### Aldrei brotið bein

Það mætti gefa sér að Ingó hefði líklega brotið nokkur bein með iðkun sinni á jaðarípróttum en svo er ekki. Hann hefur að vísu hlotið slæma marbletti en lukkulega sloppið við meiri háttar meiðsl. „Maður verður að læra að ganga áður en maður lærir að hlaupa. Margir gleyma þessu og fara strax að gera kúnstir sem ættu að bíða betri tíma en það getur endað með meiðslum. Markmiðið á að vera að hafa gaman af. Ef þú brosir eftir daginn þá er takmarkinu náð,“ útskýrir Ingó.

### Margar tegundir af línuskautum

Það er margt í boði í Reykjavík sem og annars staðar á Íslandi að mati Ingós. „Þetta fer allt eftir því hvað maður er að gera. Það er hvort maður er á hjólabretti, línuskautum eða einhverju öðru. Því lýkur þó ekki þar því hver íprótt gefur kost á fleiri valmöguleikum. Til að mynda eru til margar tegundir af línuskautum. Sjálfur nota ég mest „freestyle“ skauta sem virka líkt og hjólabretti að því leyti að maður er mestmegnis á sama stað að gera alls kyns kúnstir. Aðrir algengir skautar eru „fitness“ skautar fyrir lengri vegalengdir. Þeir teljast ekki beinlínis til jaðarípróttanna en eru mjög góðir því maður kemst langtá þeim. Svo fer þetta einnig mun betur með hnén en að skokka,“ segir Ingó.

*„Vinsældir línuskauta koma og fara eftir árum eins og hver önnur tískubylgja.“*

### Frelsi er hluti af sjarmanum

Þó að hægt sé að skauta borgina þvera og endilanga þá er útivist af þessu tagi ekki endilega einstaklingssport samkvæmt Ingó. Algengt er að stærri hópar hittist reglulega og æfi breitti, línuskauta og annað. „Samkomurnar eru þó yfirleitt með stuttum fyrirvara, enda er frelsi stór hluti af því sem gerir jaðarípróttir áhugaverðar. Að geta farið þangað sem maður vill, þegar maður vill,“ útskýrir Ingó.

### Maður hættir aldrei að leika sér

Hvort sem fólk hefur áhuga á „fitness“ skautum eða jaðarípróttum þá er heilmikið í boði að mati Ingós. Best væri að fylgjast með vefsíðum á borð við bigjump.is og línuskautar.is „Áhugafólk er á ýmsum aldri og úr ólíklegustu áttum. Fólk á ekki að veigra sér við að byrja vegna aldurs. Mitt ráð er að maður á aldrei að hætta að leika sér. Hvað er gaman að því,“ spyr Ingó. Þótt hann hafi nýlokið námi í tannsmíði við Háskóla Íslands tekur Ingó fram að dagar jaðarípróttanna séu ekki taldir hjá honum. „Það væri frábært að fá vinnu í tengslum við námið sem væri skemmtileg og krefjandi. Svo lengi sem að tími verður fyrir ípróttirnar,“ segir Ingó og kveður.





GIN OG TONIC

**BEEFEATER**  
LONDON

**HIN VIRTU IWSC VERÐLAUN**

Á síðustu tíu árum hefur Beefeater unnið oftast en nokkuð annað gin verðlaunin fyrir besta ginið en það eru árin 1999, 2002, 2003, og 2004.



DRY MARTINI



# Gin-kokteilar

Bragð **Beefeater ginsins** er alfarið háð náttúrulegum hráefnum og kornspira en ekki eins og til dæmis viskí og romm þar sem bragð og karakter eru fengin við geymslu t.d. í viðartunnum. Það eru átta náttúruleg hráefni sem gera Beefeater að því frábæra gini sem það er. Einiber eru lykillinn að bragði Beefeater og eru mest áriðandi hráefnið við gerð þess. Angelica fræ og röt en þau gefa Beefeater þennan þurra karakter. Kóríander er krydd sem í bland við lakkris og möndlur gefur Beefeater gininu þennan margbreytileika sem það býr yfir. Orris-rót er mikilvægur partur af blöndunni þar sem hún heldur utan um önnur bragðefni í gininu. Sítrónan gefur Beefeater þennan ferska hreina blæ og eykur ávaxtakeim þess. Appelsínan spilar meira hlutverk í Beefeater en í öðrum ginum en hún hjálpar til við að auka þetta einstaka ávaxtabragð sem maður finnur svo skemmtilega af Beefeater gininu.

Mér datt í hug að setja saman mína uppáhalds gindrykki til að prófa bragð Beefeater Ginsins og koma þeir hér að neðan.

## GIN OG TONIC

**3 cl Beefeater Gin**  
**Tonic**

Lime sneið rennt yfir barminn á glasinu. Áfenginu hellt í glasið og fyllt upp með tonic.

## GIBSON

**7 cl Beefeater Gin**  
**4 cl Martini Extra dry**

Áfengi hrist og streinað í kokteílglas.

## MIDNES

**6 cl Beefeater Gin**  
**Tonic**

Gini helt í viskí glas troðfullt af muldum ís, sletta af tonic og skreytt með sítrónuberki.

## DRY MARTINI

**5 cl Beefeater Gin**  
**1,5 cl Martini Extra Dry**

Áfengi hrært og streinað í kælt kokteílglas. Skreytt með grænni ólífu.



GIBSON

# SEMUR TÓNLIST

---

## SEM HONUM FINNST FALLEG

Í tónlist hans er einhver mystískur og áleitinn tónn sem lætur engan í friði og hann sjálfur svo sérstæður að eftir honum er tekið hvar sem er. Barði Jóhannsson er óumdeilanlega góður tónlistarmaður og ný plata frá honum *Ghosts From the Past* hefur þegar vakið mikla athygli fyrir melódískar ballöður. Sum lögin eru hreinlega svo falleg að einmitt þannig hlýtur álfatónlistin sem barst úr klettum og heillaði Íslendinga forðum daga að hafa verið.

TEXTI STEINGRÐUR STEINARSDÓTTIR MYNDIR FYRÞOR ARNASON

**F**yrsta plata Bang Gang var *You* og hún naut mikilla vinsælda í Evrópu sérstaklega lagið *So Alone*. Í kjölfarið kom svo *Something Wrong* og nú er þriðja platan komin. Hefur hann legið lengi yfir tónsmíðunum á þessari nýju plötu?

„Ég reyni að gera allt vel sem ég tek mér fyrir hendur,“ segir Barði. „Fyrst maður er að því á annað borð. Síðasta plata kom út fyrir fimm árum en í millitíðinni hef ég gert eitt „soundtrack“ með Mínus sem heitir *Strákarnir* okkar og svo kom út tónlistin við *Háxan* en sú plata var tekin upp með undirleik sinfóníuhljómsveitar Búlgaríu. Annars hef ég verið að vinna í þessu tvo daga á tveggja mánaða fresti meðfram öllu öðru. Eftir að hafa unnið svona rólega að þessu í fimm ár unnum við svo dag og nótt í tvo mánuði til að fullklára plötuna.“

**Hvað er þér mikilvægast í vinnu þinni að tónlist? Hverju viltu ná fram?**

„Ég hugsa í raun aldrei um hinn almenna hlustanda þegar ég er að semja tónlist, ekki nema ég sé að gera popp sem er sérhannað til að vera grípandi og auðmelt. Plöturnar mínar geri ég fyrir sjálfan mig og síðan er það bónus ef einhver annar hefur gaman af þeim. Sem betur fer hefur það verið

raunin hingað til. Ég er ekki viljandi að reyna að fá neitt fram annað en að gera eitthvað sem mér finnst fallegt.“


### VERÐUR AÐ SINNA TÓNLIST

**Ertu þá rekinn áfram af einhverri þörf til að semja?**

„Ég verð að sinna tónlist. Ef ég geri ekki neitt sem tengist tónlist á einhvern hátt í þrjú til fjóra daga þá finn ég fyrir tilgangssleysi og verð pirraður.“

**Hefur þú lært tónlist frá því að þú varst lítill?**

„Ég hef hlustað á tónlist frá því að ég var lítið barn. Ég lærði á gítar í FÍH og tók þrjú stig en á fjórða fannst mér þetta orðið gott. Ég hafði meiri áhuga á að spila eitthvað sem ég gerði sjálfur en að spila það sem aðrir höfðu gert. Þegar maður lærir á hljóðfæri eru nemendur þínir til að spila tónlist sem aðrir hafa samið. Mér fannst það ekkert mjög skemmtilegt. Vissulega er það ágætt svona í byrjun til að þjálfu upp tækni en ég hef reynt að læra sjálfur og keypt mér bækur og stúderað tónlist upp á eigin spýtur. Ég er voðalega lítið fyrir að láta aðra segja mér hvernig eigi að nálgast hlutina. Ef ég þarf á annað borð að spila tónlist eftir aðra en



„Þegar maður lærir á hljóðfæri eru nemendur  
þíndir til að spila tónlist sem aðrir hafa samið.  
Mér fannst það ekkert mjög skemmtilegt.  
Vissulega er það ágætt svona í byrjun til að þjálf  
upp tækni en ég hef reynt að læra sjálfur og keypt  
mér bækur og stúderað tónlist upp á eigin spýtur.“

sjálfan mig vil ég alla vega geta valið hvaða lag og eftir hvern.

Oftar en ekki reyna kennarar að hafa áhrif á nemendur með því að segja hvað er rétt og hvað er rangt. Mér finnst gott að læra reglurnar og finna síðan út sjálfur hvort þær henta mér eða ekki. Hvort ég tel þær réttar eða rangar. Þetta sést best þegar verið er að kenna fólki söng. Því er kennt að syngja rétt en þar sem fólk fæðist með mismunandi raddir hljóma þær ekki allar vel þegar sungið er rétt. Sumir fæðast með þannig rödd að þeir þurfa að syngja rangt til að einhver nenni að hlusta á þá. Það hljómar rétt í eyrum hlustandans þótt samkvæmt sönglögum sé það vitlaust. Í listum er það svo að ekki er hægt að ákveða hvað er rangt og hvað er rétt. T.d. yrði Kim Gordon söngkona í Sonic Youth líklega felld á hverju einasta söngprófi sem hún færi í en það er eitthvað við röddina hennar sem heillar mann. Vissulega er möglegt að benda á að ef þú slærð vitlausu nótu þegar þú ert að lesa nótur þá er það rangt en ef þú skrifar nóturnar sjálfur og skrifar nótu sem er röng getur hún engu að síður hljómað skemmtilega.“

**VALDI MILLI FATAHÖNNUNAR OG TÓNLISTAR**

Barði hefur unnið mikið með söngkonunni Keren Ann sem er óvenjulegur og skemmtilegur listamaður. Hún kom hingað í sumar og hún og Barði héldu tónleika með sínfóníuhljómsveitinni á Listahátíð. Byr hún hér á Íslandi?

„Nei, hún býr í Frakklandi og í Ísrael. Hún bjó líka um tíma í New York. Maður veit aldrei hvar hún er. Ég held að hún sé þessa stundina í tónleikaferð í Kóreu og á leið til Kína.“

**Vinnur þú eingöngu við tónlistina núna?**

„Já, ég hef gert það síðustu átta árin.“

**Áttu þér einhver önnur áhugamál en tónlistina eða á hún hug þinn allan?**

„Flest mín áhugamál eru eitthvað tengd tónlist. Ég hef gaman af kvikmyndum og ég hreyfi mig ef ég hef tíma til. Mér finnst leiðinlegt að horfa á annað fólk hreyfa sig og horfi því ekki á íþróttir, hvorki í sjónvarpi né með því að mæta á viðburði. Mér finnst skemmtilegra að gera en að horfa. Ég fer stundum í körfubolta eða sund með vinum mínum.“

**Barði hefur komið við ymislegt annað en tónlist. Hann vann um tíma á fjölmiðlum, bæði sem blaðamaður og við**

**dagskrárgerð og hann hóf nám í íslensku við Háskólann.**

„Já, ég tók nokkrar einingar í íslensku og sneri mér svo að handíðum. Ég fór í FB og lauk handíðabraut og þurfti að því námi loknu að velja um hvort ég vildi læra fatahönnun eða verða tónlistarmaður.“

Hann valdi tónlistina en fatahönnunin heillaði líka.

„Í tónlistinni getur maður sameinað svo margt,“ segir Barði. „Maður gerir myndbönd og þá vantar fót í þau. Ég saumaði eitt sinn kjól fyrir myndband. Í kvikmyndum er einnig mikil tónlist og það er svo margt skapandi og skemmtilegt í kringum þær. Ég hef gaman af að semja tónlist fyrir myndefni.“

**ALDREI EIMANA VIÐ VINNUNA**

Textarnir hans Barða eru allir á ensku. Kom aldrei til greina hjá íslenskunemanum fyrrverandi að semja á íslensku?

„Nei, mér finnst íslenskan syngjast illa í þeirri tónlist sem ég er að gera. Hún syngst vel í mörgum öðrum tónlistartegundum. Mér finnst hún ekki passa í mína músík því í henni er allt frekar flæðandi. Ég sel líka mun fleiri plötur erlendis en ég geri hér á Íslandi og mér finnst skemmtilegra að hlustendur mínir skilji það sem ég er að segja. Það eru ekki svo margir sem tala íslensku. Ég hef reynt að syngja á frönsku og það kom hálfíflalega út. Því var eytt. Annars skrifaði ég ritgerð um framburð íslenskra dægurlagasöngvara þegar ég var í Háskólanum. Þá hljóðritaði ég framburð þeirra sem mér finnst oft hjákátlegur. Þeir nota oft dönsk og ensk hljóð þegar þeir syngja íslensku til að hjóma meira eins og útlendingar. Ef maður er að syngja á íslensku

en vill hljóma eins og útlendingur, af hverju þá ekki að syngja bara á ensku, eða þá dönsku.“

**Núorðið er öll tónlist tekin upp á tölvur og tónlistarmaðurinn getur síðan leikið sér með tónana eftir á. Barði vinnur á vinnustofu sinni og leikur iðulega sjálfur á fleiri en eitt hljóðfæri á plötum sínum. Hann syngur einnig flest lögin sjálfur. Þú hlýtur að vera mikið einn við vinnuna. Er þetta ekki einmanalegt starf?**

„Það er voða fint,“ segir Barði. „Maður velur svo bara gott fólk með sér þegar þess þarf. Að þurfa að reiða sig á aðra getur verið bæði gott og vont. Ég hef unnið verkefni með öðrum. Ég og Einar Tönsberg gerðum saman tónlist við Pressu og nokkrar auglýsingar og það er frábært

*„Ég hugsa í raun aldrei um hinn almenna hlustanda þegar ég er að semja tónlist, ekki nema ég sé að gera popp sem er sérhannað til að vera grípandi og auðmelt. Plöturnar mínar geri ég fyrir sjálfan mig og síðan er það bónus ef einhver annar hefur gaman af þeim.“*



að vinna með honum. Ég vinn líka með Keren Ann og útset fyrir aðra og fleira. Ég er enginn einsetumaður. En hljóðfærin eru vinir mínir og ég sakna einskis.“

**Að heyra þig tala um tónlist er mjög sérstakt. Hún virðist vera mjög samofin lífi þínu og þinni persónu. Samt hefur þú ekki farið hefðbundnar leiðir hvorki í námi né tónlistarsköpun. Fannstu strax fyrir því að tónlistin talaði svo sterkt til þín?**

„Ég hef aldrei spáð í það. Ég hef alltaf bara gert það sem þarf að gera og mér finnst það nauðsynlegt og skemmtilegt. Meirihlutann af tímanum líður mér ekki eins og ég sé í vinnunni þótt oft sé vesen í kringum þetta og ekki er alltaf jafngaman. Það er eins með

*„Ég hef reynt að vera úti um tíma og mér finnst mjög gaman í tíu daga en svo langar mig heim. Mig langar að komast í stúdíóið mitt og í það sem ekki er síað klósettvatn. Ef þú ferð í það í París er það upp úr vatni sem er búið að fara fimm sinnum í gegnum hreinsunarprósessinn og maður finnur alveg fyrir því.“*

tónlist eins og allt annað að ekki er bara hægt að gera það sem skemmtilegast er. Ef maður sleppir því leiðinlega kemur það bara í hausinn á manni seinna.“

#### GERIR SITT BESTA OG ER SÁTTUR

**Hvernig líður þér þegar ný plata kemur út? Fylgir því spennigur og gleði eða kvíði?**

„Ég kvíði engu og er afar ánægður með útkomuna. Mjög sáttur einstaklingur. Nú tekur við að fylgja plötunni eftir með því að spila á tónleikum og slíkt sem mér er farið að þykja skemmtilegt núna en mér þótti það leiðinlegt

hér áður. Ég spila líka sjaldan opinberlega. Lögin sem ég var með fram að þessu voru ekkert mjög heppileg til að leika þau á tónleikum en nýja platan er mjög tónleikavæn. Það verður því gaman að fylgja henni eftir.“

**Ertu alltaf að læra eitthvað nýtt?**

„Já, já, annars getur maður bara hætt. Það er alltaf hægt að gera betur og maður er alltaf að læra. Það sem ég er að gera núna er rökrétt framhald af því sem ég gerði áður en auðvitað vona ég að mér sé að fara fram. Sköpun er eltingaleikur við ekki neitt því hún er svo afstæð. En meðan manni finnst maður eiga eftir að skila einhverju eða ná einhverju fram þá heldur maður að sjálfsögðu áfram. Hjá mér snýst þetta ekki um að koma plötu út fyrir jólin og spila á böllum einhvers staðar. Ég vil heldur ekki vera í blöðum nema ég sé að gera eitthvað sérstakt, enda tilgangslaust að tjá sig um hestaferðir eða eitthvað. Það er mjög algengt að fólk sé ekki að gera neitt en sjái samt ástæðu til þess að fá umfjöllun um það í blöðum. Mér finnst það stórkostlegt. Ég hef ekki tíma til að skrifa svo margar fréttatilkynningar. Ef maður er raunverulega upptekinn getur maður ekki verið að tíunda hvert smáatriði sem maður gerir.“

**Barða hefur verið lýst sem algjörlega svipbrigðalausum. Hvað finnst honum um það?**

„Mér er bara alveg sama,“ segir Barði. „Fólk má bara kalla mig þeim nöfnum sem því líður vel með að setja á mig. Vinir mínir þekkja mig best og vita hver ég er.“

#### VILL BARA BÚA Á ÍSLANDI

**Í fimm ár hefur hann verið með annan fótinn í útlöndum. Hann er með samning við EMI Publishing, stærsta forleggjara í heimi, og þarf að fara reglulega á fundi með útgáfustjórum þar. Hann selur líka fleiri plötur á meginlandi Evrópu en á Íslandi. Væri ekki hagkvæmara fyrir hann að búa utanlands en hér?**

„Jú, það væri praktískara fyrir mig að búa úti en það hentar ekki sálarlífinu. Ég hef reynt að vera úti um tíma og mér finnst mjög gaman í tíu daga en svo langar mig heim. Mig langar að komast í stúdíóið mitt og í það sem ekki er síað klósettvatn. Ef þú ferð í það í París er það upp úr vatni sem er búið að fara fimm sinnum í gegnum hreinsunarprósessinn og maður finnur alveg fyrir því. Víða er mjög fallett og margt er betra í útlöndum og margt verra en mér líður alltaf best hér.

Mér finnst ekkert að veðrinu á Íslandi, ég er hvort sem er sjaldan úti. Þótt það sé bjart allan sólarhringinn eða myrkur skiptir engu. Ef það er of bjart dregur maður fyrir og ef of dimmt kveikir maður ljós. Hér er líka allt svo auðvelt. Það er einfalt og þægilegt að komast á milli. Ég get bókað fjóra fundi fyrir hádegi hér en úti nær maður fjórum fundum á dag ef maður er heppinn. Maður er klukkutíma milli staða. Ég varaði mig ekki á þessu fyrst til að byrja með og bókaði fund á klukkutíma fresti og svo var allt í rugli.“

**Að lokum heldurðu að þú verðir áfram í tónlistinni um alla framtíð?**

„Já, ég held ég sleppi ekkert undan því. Það þyrfti að vera eitthvað líkamlegt sem myndi hamla mér frá því.“

# Casillero del Diablo

Sagan hófst árið 1883 þegar að Don Melchor Concha y Toro kom til Chile, með vínvið frá Bordeaux. Einnig var með í för jarðfræðingurinn Monsieur de Labouchere og hans hlutverk var að koma vínrækt af stað í Maipo-dal. Víngerðin Vina Concha y Toro jókst ásmegin frá og með þessum degi.

## Árin liðu og árið 1891 varð til þjóðsögn:

Don Melchor lætur þá sögu ganga á milli verkamanna í víngerðinni að djöfullinn sjálfur hafi tekið að sér hlutverk kjallaravardar hjá Concha y Toro. Fyrst djöfullinn sá um að gæta vínanna varð lítið sem ekkert um það að menn reyndu að ræna þessum vinsælu vínum. Í framhaldinu var búin til lína vína sem ber nafnið Casillero del Diablo (kjallari djöfulsins) og er í dag þekktasta vara Concha y Toro og Chile um allan heim.

Ég tók eftir því að í Vínbúðunum hér á landi fást fimm vín frá Casillero del Diablo og hef ég smakkað þrjú af þeim, stórgóð vín sem passa vel á pallinn í sumar.

## Casillero del Diablo Cabernet Sauvignon

**Þrúgur:** Cabernet Sauvignon.

**Litur:** Dökkur og dimmrauður.

**Illmur:** Áleitinn illmur af rauðum kirsberjum og svörtum plómum. Vottar fyrir ristaðri eik.

**Bragð:** Þétt og fágað, súkkulaði, ber og ristud eik í bland við nett krydd.

Vín sem passar við fjölbreyttan mat og ekki skemmir að hann sé grillaður.

**TEXTI:** STEFÁN ÖRN ÞÓRISSON

Skemmtilegt vín sem hentar vel með lambi, grís, nauti og dökku fuglakjöti.

**Verð 1253,-**

## Casillero del Diablo Chardonnay

**Þrúgur:** Chardonnay.

**Litur:** Skærgulur.

**Illmur:** Mjög aðlaðandi ananasilmur og smjöráferð.

**Bragð:** Suðrænir ávextir í forgrunni. Ferskt og snarpt en fágað. Langt og gott eftirbragð.

Gott með fiskréttum, kjúklingi og salötum. Eitt mest selda hvítvínið frá Chile á heimsvísu - þarf að segja meira?

**Verð 1193,-**

## Casillero del Diablo Shiraz

**Þrúgur:** Shiraz.

**Litur:** Djúpfjólublár.

**Illmur:** Dökk ber og plómur með keim af kryddi og eik.

**Bragð:** Þétt og ljúffengt vín með þægilegri mýkt og ágengu bragði.

Þétt og öflugt vín sem fer sérlega vel í munni. Berjaangan fyllir vitin og við tekur kraftmikið en samt flauelsmjúkt vín. Passar vel með krydduðum mat og rauðu kjöti.

**Verð 1250,-**





*Taskan er úttroðin, sólgleraugin komin á nefið, passinn endurnýjadur og sólarvörnin í viðbragðstöðu. Þú ert algjörlega klár í slaginn. Nú er bara eitt smáatriði sem stendur milli þín og óspilltra sandstranda framandi landa: **Allt of löng flugferð.***

# GERUM FLUGIÐ BÆRILEGT

*Grein fyrir flugþreytta ferðalanga*

**EKKI LÁTA GLEPJAST** af gylliboðum flugfélaga sem segja þig geta slakað á og notið þín meðan á ferðalaginu stendur. Engin fögur loforð geta breytt þeirri einföldu staðreynd að þú ert fastur í svifandi járnrori, sem er allt of lítið miðað við stærð, og átt þér engar undankomu auðið. Sætið þitt er þröngt, fótplássíð lítið og þér við hlið eru gangar sem bjóða upp á svo lítið olnbogarymi að Óli prik ætti í erfiðleikum með að mæta manneskju þar.

**KLÓSETTIN Í FLUGVÉLUM** eru afskaplega stórt skref afturábak í salernisþróun síðustu alda hvað varðar stærð og aðgengileika. Þau búa yfir glettilega mörgum útlitslegum einkennum gamaldags kamra, utan möguleikans að geta sturtað niður en það er afskaplega hávaðasamur gjörningur sem fær jafnvel hörðustu menn til að óttast um eigið öryggi.

**MATURINN ER OFTAST** annaðhvort ólystugur eða ónógur og veldur nánast undantekningarlaust megnustu vonbrigðum, sama hversu lágur væntingar matargatsins eru. En ef flugferðin er svona slæm, er þá ekki best að sleppa henni? Vitaskuld. Það er þó ekki alltaf hægt. Þá ber að hafa í huga aldagamla aðferðafræði sem ætti að koma þér gegnum hvaða flugferð sem er í heilu lagi, jafnt andlega sem líkamlega.

**ÞEGAR INN Í VÉLINA** er komið skaltu rífa þig úr yfirhöfninni og koma henni fyrir í

geymsluhólfinu. Það er mun betra að vera kalt heldur en heitt þegar þrengslí eru annarsvegar og því er um að gera að vera léttklæddur. Sparkaðu skónum af þér um leið og þú sest í sætið þitt. Varastu samt að sparka honum í aðra manneskju. Hafðu þó í huga að ef manneskja er yfir höfuð að skriða undir sætinu þínu þá á hún það að öllum líkindum skilið að fá skó í hausinn. Ef þú ert flughræddur skaltu loka augunum í flugtaki, halda fyrir eyrun, hugsa stíft um Kallakaffi og hvað þú sért feginn að hafa ekki leikið í því. Þegar í loftið er komið er einfaldasta lausnin að svifa inn í draumalandið og snúa ekki aftur fyrr en landing er yfirstaðin. Þeir sem eru færir um slíkt þurfa ekki að lesa lengra, þó það sé vitaskuld æskilegt.

**UM LEIÐ OG SLÖKKNAR** á sætisbeltaljósunum skaltu kalla á flugfreyju og heimta kodka. Þegar þú biður um fleiri en einn mun hún sennilega vilja útskýringu en þú skalt einfaldlega svara að þú þurfir að byggja virki því það séu allt of margar stelpur þarna.

**BIDDU KURTEISISLEGA** um að fá að kíkja inn í flugstjórnarkleffann því þér leiði forvitni á að vita hvernig flugvélin virki. Ef þér er hleypt inn skaltu spjalla við flugstjórnann eins lengi og þú mögulega getur áður en hann reynir að vísa þér aftur til sætis þíns. Tíu mínútur eru kjörin lengd á samtalinu, en það skaltu enda á því að benda honum kurteislega á að þú hafir komið til að láta vita

að kviknað sé í öðrum vængnum. Hlæðu svo hrossahlátri. Forðast skal þetta ferli ef bál er logandi í raun og veru, því þá fellur grín sem þetta í grýttan jarðveg.

**FARÐU EINS OFT** og þú mögulega getur á klósettið. Þar gefst einstakt tækifæri til að æfa sig í að halda jafnvægi í aðstæðum þar sem þú ert fastur í litlu rými sem er stanslaust á hreyfingu. Ef flugfreyjurnar setja út á æfingaferlið skaltu bregðast illa við og spyrja þær hvort þær lumi á betri hugmynd til að undirbúa sig fyrir ferðalag í símaklefa-tímavél. Ef þær neyða þig aftur í sætið þitt skaltu dunda þér við að búa til ofurhetjunöfn og -krafta fyrir alla farþegana í vélinni en það ætti að hafa ofan af fyrir þér þar til komið er á leiðarenda. Ef klappað er fyrir flugstjórnann þegar landingin er afstaðin er um að gera að standa á fætur, hneigja sig og segja að þú hafir aldrei misst trúna.

**ÞAÐ BER AÐ HAFNA** á bak við eyrað að vera ekki með of mikil læti, því líklegast verður fólk á öllum aldri í vélinni. Þú gerir engum greiða, síst af öllu sjálfum þér, með því að vera með hávaða sem vekur óskrandi krakkaófrískur til lífsins. Best er barn blundandi. Ennfremur skal vara sig á fínu línunni milli þess að vera hress og að vera dólgur.

*Látum ferðalagið ekki minnka ánægjuna af dvölinni á áfangastaðnum. Njótum flugsins. Það er ævintýri út af fyrir sig.*



# SUNRISE

## FRÁ CONCHA Y TORO

# ... SEIÐANDI

Djúpt úr Central Valley-dalnum í Chile kemur eitt mesta dýrmæti vínheimsins. En það eru Sunrise-vínin frá Concha y Toro, bragðrík og seiðandi í senn en með keim af uppruna sínum sem engan svíkur.

**C**entral Valley (Valle Central de Chile) er dalur sem nær á milli strandlengju Chile og Andesfjalla. Hann nær frá Santiago alla leið norður til Ofqui Isthmus í breiðasta skilningi. Margir telja að syðsti punktur dalsins sé við Bío-Bío áнна en sú skoðun á rætur að rekja til Arauco-stríðsins en aðrir telja að syðsti punktur dalsins sé Puerto Montt því ef haldið er lengra lengra suður er dalurinn komin undir sjávarmál. Landbúnaðarskilyrðin í dalnum eru einstök og draga Sunrise-vínin sinn seiðandi kraft úr frjósömum jarðvegi hans.

### SUNRISE CABERNET SAUVIGNON

**Þrúgur:** Cabernet Sauvignon

**Litur:** Fallega rauðblár með ljósleitum jaðri

**Illmur:** Brómber, sólber, þurrkaðar plómur og vanilla eru áberandi.

**Bragð:** Langvinnt og með mjög góðri fyllingu.

Hentar með öllu kjöti, pastaréttum og ostum. Sunrise Cabernet Sauvignon hefur farið

sigurför um landið undanfarin ár og ekkert lát virðist vera á vinsældum þessa frábæra víns.

**Verð: 994,-**

### SUNRISE CHARDONNAY

**Þrúgur:** Chardonnay

**Litur:** Ljósugulur og bjartur

**Illmur:** Fremur unglegur, minnir á banana, vanillu og kanil.

**Bragð:** Suðrænir ávextir, ferskt með góðri fyllingu og í mjög góðu jafnvægi.

Gott með skelfiski og fiski með mildri sósu. Eitt mest selda hvítvín á landinu í dag.

**Verð: 994,-**

### SUNRISE SAUVIGNON BLANC

**Þrúgur:** Sauvignon Blanc.

**Litur:** Bjartur grængulur.

**Illmur:** Ávaxtaríkt með ofurlitlum greip ilmi.

**Bragð:** Mjög ferskt og í góðu jafnvægi með smávegis sýrukeim.

Sunrise Sauvignon Blanc er enn ein rósin í frábærri flóru frá Sunrise. Þess má geta að þetta vín er óeikað.

**Verð: 990,-**



TEXTI: STEFÁN ÖRN ÞÓRISSON

# Einn síns liðs

*Einstakt ferðalag um Mið-Ameríku*

Fáir hafa lent í jafnmörgum ævintýrum og Geir Konráð Theodórsson þótt hann sé aðeins tuttugu og tveggja ára. Á ótrúlegum ferðalögum sínum hefur hann flúið undan grábirni á ruslahaugum í Kanada, verið tekinn til yfirheyrslu hjá CIA, laminn af gjörspilltum löggum í Búlgaríu, spilað blak við hóp biskupa á ólívufjalli í Jerúsalem og smíðað gríðarstóra fallbyssu til að klekkja á barnungum andstæðingum sínum, svo fátt eitt sé nefnt. Í september síðastliðnum ráku margir upp stór augu þegar hann setti á sig bakpokann enn einu sinni og tilkynnti að hann væri farinn til Nicaragua og vissi ekkert hvenær hann kæmi aftur.

TEXTI GUÐNI LÍNDAL BENEDIKTSSON

**H**vað var það sem fékk þig til að leggja land undir fót?


Um átján ára aldur var ég kominn með típíska unglinga-ógeðið á Íslandi og langaði eitthvert út. Í samráði við félagi minn skipulagði ég ferð frá London til Madagascar á 80 dögum sem hefði orðið að veruleika ef foreldrar okkar hefðu ekki skorist í leikinn. Þeir vildu styttra ferðalag og fór svo að við enduðum í staðinn í Palestínu á vegum kirkjunnar. Eftir þá ferð var ég breyttur maður og vissi að ekki yrði aftur snúið. Bakterían var komin. Nú til dags dettur manni ekki í hug að kaupa sér bíl eða dýr föt, því maður vill nota alla peningana sína til þess að komast sem fyrst út aftur. Mottóið mitt varð: Að reyna að sjá sem mest.

**Skipulagðirðu ferðina lengi?**

Nei. Míg langaði í ferðalag og langaði að læra tungumál í leiðinni, helst í ódýrum háskóla. Það voru einu skilyrðin mín. Spænska í Mið-Ameríku heillaði mig meira en arabíska í Egyptalandi og japanska í Japan, einfaldlega vegna þess að þar var kennslan ódýrust. Flest það sem ég sá á Netinu leit út fyrir að vera pakkaferðir og kostaði morðfjár. Það var ekki fyrir en ég kynntist stelpu í starfskynningu í Alþjóðahúsinu að ég fékk heimilisfang spænskuskóla í smábænum Estelí í Nicaragua. Það kostaði vissulega peninga að komast þangað, en matur, húsnæði og einkakennari átti bara að hljóða upp á nokkur þúsund krónur á viku þegar þangað væri komið. Þannig að ég dreif bara í því, ýtti á hnappinn og pantaði.

**Hvernig gekk ferðalagið?**

Það var stressandi. Ég fór fyrst til New York en þar notaði ég Couchsurfing.com til að redda mér gistingu þar sem það er frítt.




Mayapýramíðinn



Öryggið í fyrirrúmi



Bið eftir bát í Nicaragua



Tegucigalpa í Honduras



Lausagangur húsdýra var algengur



Corn Islands

Ég gisti hjá ungri listakonu í Brooklyn en hana hafði ég aldrei hitt áður og vissi ekki einu sinni hvort hún væri til. Hún var það sem betur fer en kynni mín af henni og meðleigjandanum hennar urðu til þess að mér var boðið í starfsmannapartí að kvöldi fyrsta dags á nálægum bar Time Square þar sem drukkinn Íri neyddi mig til að verja heiður íslenskra drykkjuþemna. Þar fór fram formleg drykkjukeppni þar sem fimm skot voru í hverri lotu og mismunandi áfengi í hverju skoti. Ég var

kominn upp í rúmlega tuttugu þegar allt varð svart og ég vaknaði ringlaður í neðanjarðarlest einhversstaðar í Bronx-hverfinu.

Klukkan var sex að morgni, ég vissi ekkert hvar ég var og þynnkan helltist yfir mig. Sem betur fer voru veskið mitt og passinn þó enn á sínum stað í leynivasa í buxunum og tókst mér að komast til Brooklyn á tæpum klukkutíma. Þann daginn hafði ég ætlað á fund með Barak Obama og gera allskyns menningarlega hluti en lá í staðinn með timburmenn í sófanum. Í fluginu til Houston í Texas um kvöldið fór heilinn að meðtaka að þetta væri ekki bara helgarferð. Um leið og ég steig svo út úr flugvélinni í Managua fann ég á lyktinni af brunnu rusli og dýraúrgangi að þetta væri greinilega þriðja heims land. Ég var ekki búinn að plana neitt til að komast til Estelí og talaði ekki orð í spænsku þannig að ég fór einfaldlega út á bílastæðið, tók upp 100 dollara sedil og sagði ákveðið „Estelí, now!“. Seinna meir komst ég að því að þetta voru mánaðarlaun og því skiljanlegt að múgur manns kepptist um að aðstoða mig. Ég komst í bæinn, sem var svipaður að stærð og Akureyri. Þegar ég hafði reynt að gera mig skiljanlegan var mér bent á fjölskylduna sem sá um skólann, en þau redduðu mér gistingu í skúr. Eftir að hafa lært spænskuna hafði ég svo samband við fjölskyldu sem leigði mér hús fyrir 10-20 dali á viku.

#### Hvernig var hefðbundinn dagur í Estelí?

Á hverjum einasta morgni vaknaði ég við dauðastunurnar í svíninu í næsta herbergi en þar var sláturhús. Fyrsta daginn hélt ég að himinn og jörð væru að farast því svínið gaf frá sér mikil óhljóð og hljóp ítrekað á vegginn sem ég svaf upp við. Ferlið tók um tíu mínútur og var eitthvað sem vandist ekki, þetta var

alltaf jafn hræðilegt. Þak hússins var á stultum og veggirnir náðu ekki alveg upp í rjáfur, þannig að blóð- og dauðalyktin lagðist yfir herbergið við sólarupprás. Einstaka sinnum var hænum líka lógað en það var þolanlegra því þær voru gaggandi og óskrandi allan liðlangan daginn og áttu þetta því skilið.

Ég fór í sturtu en það var fata með tappa á botninum sem ég fyllti af ísköldu vatni í hálfgerðum sturtuklefa. Þá fór ég aftur að sofa eftir að hafa rekið pöddurnar úr netinu mínu og beið eftir því að loftvarnarflauta bæjarins hljóðaði á slaginu sex að skipan ríkistjórnarinnar til að koma fólki á fætur og í vinnu. Þegar hún fór í gang fyrsta morguninn minn hélt ég að það væri verið að gera árás á bæinn og var mjög skelkaður. Ég bjó hjá fólki sem talaði ekki ensku og neyddist því til að læra spænskuna.

Í skólanum tók á móti mér gullfallegur einkakennari en ég var eini skráði nemandinn og eini útlendingurinn í bænum. Því fékk ég viðurnefnið „Gringitto“ sem þýðir litli sæti útlendingurinn. Á skólabeck sat ég til hádegis að læra málfræði og lesa dagblöð en seinna um daginn fór ég svo í vettvangsferðir í leikskóla, söfn eða vindlaverksmiðjur í bænum. Eftir það fór ég og reyndi að hitta fólk sem ég var búinn að kynna eða hanga á kaffihúsi einu þar sem ég las ógrynni af bókum. Á kvöldin fór ég á finasta veitingastað bæjarins og borgaði 500 kall fyrir þrjá gómsæta rétti og vindil. Eftir stutt stopp á barnum fór ég heim þar sem ég drakk romm og reykti vindla.

#### Hvað kom þér helst á óvart við lífnaðarhættina?

Estelí minnti mig mikið á Palestínu hvað varðar húsdýr. Í strætó er ekkert eðlilegra en að deila sæti með kjúklingi eða geit. Eitt kvöldið var ég að labba heim, hlustandi á hljóðbók, beygði fyrir horn og sá ekkert nema mjög stórt nau. Við horfðumst í augu meðan ég bakkaði rólega burtu því það var aleitt og óbundið á röltinu. Svo var ég smeykur einu sinni þegar hópur villihunda birtist upp úr þurru og hljóp geltandi í áttina að mér. Oftast eru þeir hræddir við menn en þessir höfðu verið að slást og orðnir æstir, þannig að ég þurfti að hlaupa veinandi eins og smástelpa að næsta húsi. En það var mjög gaman að sjá hvað allt var vel nýtt. Sem dæmi þá hlóðu leigubílar vanalega fimm, sex manns inn í bílinn og reyndu alltaf að hafa sem flesta farþega. Maður sá aldrei færri en tvo eða þrjá á hverju reiðhjólí, annað var brúðl.

#### Hittirðu aðra í svipuðum hugleiðingum og þú?

Ég kom í lok regntímabilsins og var þá eini ferðalangurinn. Seinna meir kom fullt af Könum, en flestir þeirra voru um sextugt að leita sér að fimmtán eða sextán ára stelpum. Það var hálf ógeðslegt. Ég kynntist nokkrum frá Ísrael, þar á meðal snót sem skaut mér ref fyrir rass. Hún var 160 cm á hæð, mjög mjó, lærði spænsku í viku og hvarf svo ein síns liðs með kjúklingastrætó eitthvert í enn minni bæ. Miðað við það sem hún gerði, alein, níttján ára, virtist mitt ferðalag ekki upp á marga fiska. Ég kynntist líka norskum dómara sem ég ferðaðist talsvert með. Ég skildi aldrei hvort konan hans hefði dáðið, eða þau skilið, en hann var allavega orðinn frjálss og ákvað því að lifa lífinu vel. Hann hafði byrjað að ferðast um 65 ára aldur, en nú var hann orðinn 78 ára. Hann lærði tungumál og hafði gaman. Við þau kynni sá ég að allir geta þetta.

#### Hvert var helsta ævintýrið þitt?

Eitt ferðalagið með Norðmanninum. Í öllum heiminum eru þrjár strendur þar sem viss stofn risaskjaldbaka verpir á hverju ári og var ein þeirra nálægt okkur. Mikið er um veiðipjófnad á svæðinu og því er herinn staðsettur skammt frá til að vernda landamærin hjá ströndinni. Við buðum okkur fram sem sjálfbodaliði í því að hjálpa risaskjaldbökunum þegar þær koma á land til að verpa. Þetta var þriggja daga löng ferð í gegnum landið og skóginn og tók mjög á. Að henni lokinni komum við loksins að algjörlega afskektri strönd, 5-10 km langri, með háum klettum og þykkum



Honduras



Kókoshneta á Corn Islands

skógi allt í kring. Algjör paradís. Tunglið var fullt, nóttin stjörnuþjört og vetrarbrautin gnæfði yfir manni meðan þessi 200 kílóa risaflykki siludust upp úr sjónum. Vopnaðir stórum prikum lömdum við krabbana sem reyndu að ná litlu skjaldböku-ungunum sem skriðu upp

úr sandinum í þúsundatali allt í kringum okkur. Það var svo þegar ég sat fyrir aftan eina móðurina og gróf holu fyrir eggin meðan hún verpti með þvilíkum óhljóðum að ég stoppaði og hugsaði: „Jæja. Hvað er ég að gera og hvað er fólkíð heima að gera?“ Þetta var svona mómment sem situr eftir.

### Lentirðu í hættum?

Snákar, margfætlur og annað ógeð leyndist víða. Veidieðlið var fljótt að taka við af óttanum og fangaði ég í framhaldi af því fullt af pöddum sem ég hafði í krukku úti í glugga öðrum skordýrum til viðvörunar. Stoltastur var ég af því að veiða kakkalakkann Rauberto en það tók klukkutíma. Mesta hættan var sennilega þegar ég fór til Honduras um jólin þar sem ég gisti hjá íslenskri konu. Að ferðast um bæinn og heyra skothvelli var óhugnanlegt. Glæpagengin börðust um yfirráðasvæði á jóladegi en með því að fara varlega lenti ég aldrei í glæpamönnum. Það kom fyrir að maður heyrði óp, öskur og skothvelli, kannski bara í næstu götu, en þá var maður snöggur að drífa sig burt. Þar fann ég fyrir ókostinum við að ferðast einn, það að maður er frekar berskjaldaður.

### Hvert var þitt mesta afrek?

Það var afrek út af fyrir sig að ná alltaf að redda sér. Þó stendur það upp úr þegar ég lifði af í fimm daga á eyju í Karabíska hafinu, Corn Islands, á matarafgöngum og kókoshnetum. Dvalarstaður minn var gistiheimili sem fór svo illa út úr hvirfilbyl skömmu áður að það voru bara fjögur herbergi nothæf. Gistinguna hafði ég borgað fyrirfram og lifði hátt fyrstu þrjá dagana. Þá ætlaði ég í hraðbanka en uppgötvaði að það var auðvitað enginn slíkur á eyjunni. Í veskinu voru skitnir 15 dollarar og sökum bilana og seinagangs peningasendingaþjónustunnar á eyjunni þurfti ég að bíða í fimm daga eftir meira fé. Ég notaði því peningana mjög sparlega. Ég keypti spagettilengjur, brauðhleif og dósir af

sardínum frá Filippseyjum sem voru mjög vondar. Á kvöldin fór ég á veitingastað í bænum þar sem ég fékk hráefnið sem þeir ætluðu að henda. Oft borgaði ég einn dollara fyrir smá kjúkling eða fisk. Indæl blökkukona sem bjó á móti mér, leyfði mér að nota eldhúsið sitt og fá vatn gegn loforði um borgun seinna meir. Á þessu lifði ég auk kókoshneta sem ég fann og kom ögn léttari heim fyrir vikið. Áramótin sitja líka eftir í mér. Ég gat ekki hugsað mér að fara í enn eina veisluna þannig að ég ferðaðist í staðinn að gamalli Mayaborg í Tikal í Guatemala þar sem ég eyddi deginum og nýársnóttinni uppi á fornum pýramída. Þar horfði ég á sólarupprásina og hlustaði á náttúruna þar til öskuraparnir hófu upp raust sína allt í kring en þá setti ég Sigur Rós í eyrun.

### Þá er það stóra spurningin: Hvað sagði mamma þín?

Ég er það lánsamur að eiga skilningsríka og góða fjölskyldu sem treysti mér vel. Það var þó aðallega vegna þess að maður hefur byggt upp smá reynslu. Það er gott að byrja smátt með því að fara í Interrail eða eitthvað slíkt í Skandinavíu og kynnast þar með fólkinu sem þú vilt ferðast með. Foreldrar mínir sýndu mér fullkomið traust og voru nokkuð sáttt við þetta. Það reyndi þó stundum á tilkynningaskylduna þegar maður var fastur í regnskógi og ekkert símasamband og þá urðu þau stundum smeyk. En þau studdu mig í þessu.

### Hvernig komstu heim?

Ferðin var aldrei neitt skipulögð, utan þess að fara til Nicaragua, komast í skólann og læra spænsku. Ég ákvað í stað þess að fljúga aftur sömu leið heim, að taka landleiðina til að sjá sem mest. Ég tók rútu frá Nicaragua upp í gegnum Honduras um jólin, var í Guatemala um áramótin og keyrði svo með rútu upp í gegnum Mexíkó. Ég mæli ekki með svoleiðis ferð fyrir fólk sem hefur ekki gaman af því að sitja í mjög langan tíma með enga loftræstingu, í gríðarlegum hita þar sem sveittir, loðnir karlar setjast ansi oft við hliðina á manni. Ég komst fyrir rest til Texas, en þaðan flaug ég til Flórída, húkkaði mér far til Georgíu og tók lest til New York. Mér fannst mjög persónulegt og skemmtilegt að ferðast um á puttanum. Það að hoppa bara upp í bíl eða aftan á pallbíl var ofsalega gaman og kostaði ekki neitt.

### Að lokum, einhver skilaboð til ferðalanga í hugleiðingum?

Það er bara að taka af skarið. Ekki bíða of lengi með músina yfir kaup-takkanum á síðunum. Bóka flugið, skipuleggja sem fyrst. Lenda í ævintýrum, það þýðir ekkert annað. Alls ekki verða einn af þeim sem talar um hversu svekkjandi það var að gera aldrei það sem hann ætlaðir sér. Sama á hvaða aldri þú ert, sama í hvaða aðstæðum þú ert, drifðu þig af stað. Aldrei fara í pakkaferðir eða á sama staðinn tvisvar því þú vilt prófa eitthvað nýtt. Taktu af skarið.



Hungurmorða á Kanarí

# SUMARIÐ 2008

VEGABRÉFSLEIKUR N1

## VINNUR ÞÚ FJÖLSKYLDUFERÐ TIL FLORIDA?

TAKTU ÞÁTT Í VEGABRÉFSLEIK N1

ÞÚ GÆTIR M.A. UNNIÐ FJÖLSKYLDUFERÐ TIL FLORIDA FYRIR FJÓRA.



JÓHANSSON & MARCKER • HÍLIS • 54A

# EM 2008

*Vertíð fótboltaunnenda er hafin!  
Framundan eru þrjátíu og einn leikur.  
Hendum ryksugunni, komum konunni  
og börnum fyrir hjá ættmendum og  
tökum út veikindadagana, hvað sem  
er bara sjáum til þess að við getum  
verið heima og horft á sjónvarpið  
allan daginn ef því er að skipta.*

Nú er riðlakeppnin farin af stað og ekki með nokkru móti hægt að segja til um hverjir vinna í ár. Skyldu Grikkirnir ná sama félagsanda og um árið eða taka Ítalirnir þetta? Ekki má heldur gleyma seigluinni í þýska landsliðinu.

Það er óneitanlega eftirsjá af Englendingum og leitt að þeir skuli ekki vera með í ár en þátttaka þeirra hefur alltaf yljáð áhængendum enska boltans hvort sem þeir hata eða elska liðið.

Frábært að allir þessir leikir skuli vera í opinni dagskrá og á Sjónvarpið heiður skilinn fyrir að miðla guðspjallinu til okkar fíklanna meira að segja dagana 15. til 18. júní þegar tveir leikir eru á sama tíma verður öðrum þeirra sjónvarpað á RÚV+ (Extra).

Áfram ...





# FULL BÚÐ AF SUMARVÖRUM

**DRESS  
MANN**

Laugavegur · Kringlan · Smáralind · Akureyri

5629730

5680800

5659730

4627800

# TEYGJUR



## MJÖG GÓÐ TEYGJA FYRIR MJÓBAK OG MJÆDMIR.

Einbeittu þér að því að anda djúpt og rólega út í teygjuna og haltu henni í 30 sek. eða lengur.



## GÓÐ TEYGJA FYRIR EFRA BAK OG AXLIR.

Þrýstu herðablöðunum sundur og einbeittu þér að því að halda öxlunum niðri um leið og þú andar djúpt og rólega út í teygjuna. Haltu teygjinni í 30 sek. eða lengur.



**TEYGJA FYRIR HÁLS OG AXLIR.** Griptu um úlnliðinn fyrir aftan bak og hallaðu höfðinu til hliðar. Einbeittu þér að því að anda djúpt og rólega út í teygjuna. Haltu teygjinni í 30 sek. eða lengur.



## LEGGÐU HENDURNAR Á BOLTA, STÓL EÐA BEKK.

Dragðu mjaðmirnar frá um leið og þú dregur herðablöðin vel saman. Teygjur vel á bak- og axlarvöðum. Einbeittu þér að því að anda djúpt og rólega út í teygjuna. Haltu teygjinni í 30 sek. eða lengur.





38 - 40°C  
100 - 104°F



**VARÚÐ**  
HÁLAR TRÖPPUR



SKELLTU ÞÉR  
Í LAUGARNAR  
EFTIR LEIKINN

Laugarnar í Reykjavík 



**NÝTT TÍMARIT**  
Meira á [www.maturvin.is](http://www.maturvin.is)

# KJÚKLINGABRINGA

með mozzarella, tómatar og basil



Við mælum með  
Fortius Tempranillo

- 4 kjúklingabringur**
- hveiti**
- 2 egg, slegin út**
- rasp**
- maldon salt**
- pípar**
- 1 msk. olía**
- 1 msk. smjör**
- 1 mozzarellakúla, skorin í bita**
- 2 stórir tómatar, smátt skornir**
- lófafylli af saxaðri basilíku**

*Aðferð:*

Kjúklingabringurnar eru snyrtar. Síðan eru þær bardar með kjöthamri þannig að þær séu jafnar á alla vegu. Þær eru síðan „panneraðar“, en þá er þeim velt upp úr hveiti, síðan eggjum og að lokum upp úr raspi. Steikið á heitri pönnu upp úr olíunni og smjörunu, um 2 mínútur á hvorri hlið. Saltið og piprið. Tómat- og mozzarellabítum dreift yfir bringurnar og basilíku er stráð yfir. Bakið í 12 mínútur við 180 °C.

## GRILLAD GRÆNMETI

- 1 kúrbítur**
- 1 eggaldin**
- 1 rauðlaukur**
- 1 fennel**
- ½ búnt basilíka**
- 1 pressað hvítlauksrif**
- ólívuolía**
- salt og pípar**

*Aðferð:*

Grænmetið er skorið í þunnar sneiðar. Olían er sett í bakka ásamt smátt söxuðu basil, salti og pípar. Setjið eitthvað undir bakkann öðrum megin svo að hann hallist vel og olían og kryddið renni að annarri brúninni. Þetta er nauðsynlegt til þess að olían renni úr grænmetinu. Grillið eina tegund í einu á vel heitu grillinu. Um leið og grænmetið er tekið af grillinu er það sett beint út í olíuna og vætt vel, tekið upp úr og olían látin renna af. Þá situr hæfilegt magn af olíu og kryddi eftir á grænmetinu. Best er að grænmetið sé volgt þegar það er borið fram.

[Uppskrift í boði matur/vín eftir listakokka La Primavera](#)



## VÍNIN MEÐ GRILLMATNUM

*Marquez de Arienzo vínin koma frá Rioja þaðan sem ein bestu vín Spánar hafa komið í gegnum kynslóðirnar. Aðal þrúgan í Rioja er Tempranillo þó eru fleiri þrúgur í héraðinu en í mun minna mæli eins og t.d Garnacha Tinta (Grenache í Frakklandi). Í Rioja er mikið úrval af vínnum allt frá léttum Crianza vínnum upp í bestu Gran Reservas en Rioja er skipt niður í þrjú héruð.*

### Tempranillo Þrúgan

Tempranillo er algengasta þrúgan á Spáni og er samofin góðum Spænskum vínnum. Þrúgan þroskast yfirleitt snemma og þýðir nafnið Tempranillo snemma en hún gengur einnig undir nöfnunum Aragones, Tinto fino, Tinto del país, Tinto de Toro, Tinto de Madrid, Tinta Roriz, Ull de llebre og Cencibel. Úr þrúgunum eru yfirleitt unnin vín sem eru með djúpum lit og ekki of miklu áfengismagni, en geta elst vel án þess að tapa of miklum lit. Vín úr þessari þrúgu hafa ávaxtailm og -bragð, ekki of mikla síru og sum þeirra bera bragð og ilm af kryddum og rauðum ávöxtum

TEXTI: STEFÁN ÖRN ÞÓRISSON



## MARQUES DE ARIENZO

Rioja Alavesa  
DOMECQ

### Marquez de Arienzo Crianza

**Þrúgur:** 95% Tempranillo, 5% Mazuelo

**Litur:** Rúbín og kirsuberjarauður

**Ilmur:** Ávextir og viður.

**Bragð:** Finlegur keimur með góðu jafnvægi milli síru og tanníns. Gott með ljósu og rauðu kjöti, túnfiski og ostum.

**Verð:** 1393,-

### Marquez de Arienzo Gran Reserva

**Þrúgur:** Tempranillo

**Litur:** Glansandi rúbín með eikartóni

**Ilmur:** Þroskaðir ávextir og finlegt krydd.

**Bragð:** Frekar flókið vín sem gefur mikið af sér. Töluverður pipar, negull og finleg eik.

Fullkomið með villibráð, t.d. rjúpu, gæs eða hreindýri.

**Verð:** 1990,-

### Marquez de Arienzo Reserva

**Þrúgur:** 95% Tempranillo, 5% Mazuelo

**Litur:** Dumb- og kirsuberjarauður

**Ilmur:** Eik og krydduð vanilla.

**Bragð:** Þægileg flauelsáferð og sérlega mjúkt og aðgengilegt.

Gott með ljósu og rauðu kjöti, grillsteikum og villibráð

**Verð:** 1590,-



*Sigurður Bragi og Ísak sigruðu með nokkrum yfirburðum*



## Vorrall í rigningu og þoku

**Íslenskt rallí er á mikilli uppleið og á hverju ári bætast við flottir bílar í harða baráttu. Íslenskir öikumenn hafa einnig náð mikilli leikni sem gerir þessa íþrótt sífellt meira spennandi. Í vor var haldið árlegt Vorrall BÍKR en þar gerðust eins og jafnan mörg skemmtileg ævintýri.**

Vorrallið var haldið helgina 16.-17. maí við frekar slæm skilyrði en rigning og þoka settu strik í reikninginn. Það voru Sigurður Bragi og Ísak Guðjónsson á Lancer EVO 7 sem sigruðu með nokkrum yfirburðum en þeir voru 1 mínútu og 50 sekúndum á undan næstu áhöfn. Pétur Pétursson og Heimir Jónsson á Lancer EVO 6 lentu í öðru sæti og Marian Sigurðsson og Jón Þór Jónsson á Lancer EVO 5 í því þriðja.

Eknar voru fjórar sérleiðir á föstudegi, tvær innanbæjarleiðir í Hafnarfirði, Djúpvatn að Ísólfskála og svo Kleifarvatn til baka. Á laugardegnum voru eknar sex sérleiðir, Hengillinn ekinn tvívegis og Lyngdalsheiðin ekin í fjörgang.

Keppnin tók mikinn toll af keppendum og bílum þeirra. Jón Bjarni og Borgar voru með mikla forystu eftir dag eitt en brutu drifbúnað og dattu út. Það sem er merkilegt við úrslitin er einmitt

það að reynsluboltarnir gerðu mistök en tveir öikumenn þeir Pétur og Marian voru að keppa í fjórhjóladrifsflokki í fyrsta sinn og lönduðu báðir verðlaunasæti. Pétur lagði upp með að klára keppnina og læra á bílinn en hann keppti á Toyotu Corolla 1600cc í fyrra.

Í ár tóku þátt þrír MMC Lancer EVO 7, ein EVO 6 og einn Evo 5. Auk þess voru skráðir til leiks Subaru Impreza Prodriver og tveir Subaru Impreza STI. Þá er ótalinn Toyota Celica GT4 en allir þessir kraftmiklu fjórhjóladrifsbílar taka þátt í flokki N.

Í 2000cc flokki var einn bíll skráður, Ford Focus ST 170 R. Fjórar Toyota Corolla bifreiðar kepptu í 1600cc flokki og fimm jeppabifreiðar.

### **Næsta keppni:**

7. júlí. Reykjanesrall sem Aksturs-íþróttafélag Suðurnesja sér um.

Áhugaverðir tenglar: [www.lia.is](http://www.lia.is) [www.bikr.is](http://www.bikr.is)

*Gunnar F. á Ford Focus þversum á veginum*



*Gunnar F. á Ford Focus notaði kantana vel*



*Pétur Pétursson og Heimir keyrðu hratt en örugglega og lentu í öðru sæti*



*Jón Bjarni og Borgar sýndu góða takta fyrri daginn en dattu út á Lyngdalsheiði*



*Valdimar og Ingi með sprungið dekk á fleygiferð í beygju*





# Goldfinger

*Heimsklassa nætur-  
klúbbur þar sem við  
leggjum okkur fram við  
að stjarna við þig.*

*Fjölbreytt úrval  
vískítegunda.*

*Opið öll kvöld frá  
kl. 20.00*

**Starfsfólk**



Smiðjuvegi 14, 200 Kópavogur  
Sími 577 4230, [www.goldfinger.is](http://www.goldfinger.is)

# N&N

## NOTAÐU OG NJÓTTU

Í sumar kom á markað sérlega fjölbreytt úrval af spennandi sumarilmum fyrir karlmenn. Vandinn er að velja. Hér eru nokkrir frábærir.

1. **Eternity for Men** er ilmur eilífs sumars frá Calvin Klein. Þessi minnir á hafið á kyrru sumarkveldi og rómantik undir miðnætursól.
2. **Pure frá Hugo Boss** er ferskur, hrifandi ilmur sem hentar vel karlmönnum sem njóta þess að hreyfa sig.
3. **L'Homme frá Yves Saint Laurent** er sá allra karlmannlegasti á markaðnum. Tælandi og seiðandi ilmur sem hentar þeim sem vita hvað þeir vilja.
4. **Boucheron Pour Homme** er frískandi og töff ilmur í handhægu og sérlega flottu glasi en það passar vel í íþrótt- og ferðatöskuna.

5. **Hot Summer frá Joop** er kynþokkafullur ilmur ætlaður heitum sumarnóttum.
6. **Fleur de Male La Cologne** frá Jean Paul Gaultier er einstaklega karlmannlegur og flottur.
7. Á sumrin er nauðsynlegt að hugsa vel um húðina og **Clinique for Men** gefur færi á því með Maximum Hydrator sem er sérlega rakagefandi krem, Cream Shave einstaklega mjúku og þægilegu rakakremi og Post Shave Healer sem róar húðina og kemur í veg fyrir ertingu á raxsvæði.
8. **Prelox** er nýtt fæðubótarefni fyrir karlmenn sem eykur orku og úthald í kynlífi. Frábært efni sem lofar lengra og betra kynlífi.





# HEIMSFÖRELDRAR GERA **KRAFTAVERK** Á HVERJUM DEGI



Vishar litli fær bólusetningu gegn menúsótt á Indlandi aðeins 3 mánaða gamall. Á hverju ári bólusetur UNICEF 100 milljón börn um allan heim - talið er að það bjargi lífi 2,5 milljóna barna á ári.

Þessi litla stúlka biður í heilsugæslustöð í Kisangani í Austur-Kongó. UNICEF veitir miðstöðinni lyf, bóluefni, malaríu-flugnanet, samgöngutæki til heima-hjúkrunar og þjálfar starfsfólkið.



Belinda Makutya, 11 ára, missti föður sinn af völdum alnæmis og á HIV-smitaða móður. Hún er meðlimur í ungliðahópi sem veitir börnum, sem eru í sömu aðstöðu og hún, ráðgjöf og stuðning.

Yfir 13.000 Íslendingar  
eru heimsforeldrar

**VERTU MEÐ!**

Skráðu þig í síma  
562 62 62  
eða á  
[www.unicef.is](http://www.unicef.is)

unicef 